

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness föstudaginn 30. desember 2016 í máli nr. S-373/2016:

Ákærvaldið

(Kolbrún Benediksdóttir varahéraðssaksóknari)

gegn

X

(Unnar Steinn Bjarndal hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þessa mánaðar, höfðaði héraðssaksóknari með ákæru 5. október 2016 á hendur ákærða, X, kt. [...], [...], [...];

„fyrir neðangreind hegningarlaga brot framin í júlí 2016 sem hér greinir:

1. Nauðgun og sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa mánudaginn 25. júlí á ofangreindu heimili sínu að [...] í [...], haft samfarir og önnur kynferðismök við A, kt. [...], með því að beita hana ofbeldi og hótun um ofbeldi. Ákærði tók A kverkataki og þrengdi að öndunarvegi hennar í rúmi í svefnherbergi sínu og er stúlkan náði að komast úr rúminu og féll niður á gólf, sparkaði hann í síðuna á henni, steig á háls hennar og hótaði því að beita hana frekara ofbeldi ef hún ekki gerði það sem hann vildi. Í kjölfarið lét ákærði A hafa við sig munnmök, stakk fingrum í leggöng hennar, sleikti kynfæri hennar og hafði samfarir við stúlkuna en ákærði sló hana nokkrum sinnum í andlit með flötum lófa á meðan hann hafði við hana samfarir. Stuttu síðar, eftir að stúlkan hafði farið í sturtu á heimili ákærða að hans kröfu, tók ákærði í hnakkann á henni, sagði að þau væru ekki búin og hafði aftur samfarir við hana gegn vilja hennar, en A óttaðist ákærða vegna þess ofbeldis sem hann hafði beitt hana skömmu áður. Af þessu hlaut A dreift mar á hálsi, vinstra megin og á framan verðum hálsi og undir hægra kjálkabarði auk bólgu í hálsi, mar á vinstra læri og eymsli á vinstri síðu yfir rifbeinum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Nauðgun og líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 31. júlí í herbergi í bílskúr við [...] í [...], haft önnur kynferðismök við B, kt. [...], með því að beita hana ofbeldi og hótun um ofbeldi. Ákærði tók stúlkuna kverkataki, hélt fyrir vit hennar og hótaði að beita hana ofbeldi ef hún ekki hefði við hann munnmök, neyddi hana svo til að hafa við sig munnmök og hélt um hár hennar á meðan auk þess sem ákærði stakk fingrum í leggöng stúlkunnar. Þá kleip ákærði stúlkuna í lærin, sló hana þar og í andlit með flötum lófa og reif í hár hennar. Er

B reyndi að komast út úr herberginu, hrinti ákærði henni utan í vegg og tók hana aftur kverkataki og hélt fyrir munn hennar svo hún gæti ekki kallað á hjálp. Af þessu hlaut B rispur framan á bringu, eldrauðan 3,5 x 1,5 cm blett á vinstri öxl, roða vinstra megin á hálsi, eymsli yfir vinstri kinn, bólgu og þrota í vörum og innanvert á efri og neðri vör auk þess að fá sár vinstra megin á neðri vör, rispur og mar á bak, mar og rispur neðst í hársverði og efst á hálsi og roða og mar aftan og neðan við vinstra eyra.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. og 217. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu C, kt. [...], f.h. ólögráða dóttur hennar, A, kt. [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 3.500.000, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 25. júlí 2016 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Af hálfu D, kt. [...], f.h. ólögráða dóttur hennar, B, kt. [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 1.500.000, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 31. júlí 2016 og þar til mánuður er liðinn frá birtingardegi bótakröfu, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Kröfur ákærða:

Kröfur ákærða í málinu eru þær aðallega að ákærði verði sýknaður af refsikröfu ákæruvalds en til vara að ákærða verði gerð sú vægasta refsing sem lög leyfa og að refsingin verði bundin skilorði. Í báðum tilvikum verði sakarkostnaður felldur á ríkissjóð, þ.m.t. hæfileg þóknun verjanda til handa sem ákveðin verði að teknu tilliti til tímaskýrslu verjanda. Hvað bótakröfur varðar krefst ákærði þess aðallega að kröfunum verði vísað frá dómi en til vara að þær verði lækkaðar.

I

A

Um kl. 18:30, mánudaginn 25. júlí 2016, var lögregla kölluð til vegna ungrar stúlku, brotþola A, sem leitað hafði sér aðstoðar á neyðarmóttöku Landspítalans. Skýrði brotþoli svo frá að henni hefði verið nauðgað fyrir um daginn af manni sem hétí X. Eftirgrennslan lögreglu leiddi fljótt í ljós að meintur gerandi hétí fullu nafni X, ákærði í máli þessu.

Í kjölfarið fór lögregla að heimili ákærða að [...] í [...] þar sem ákærði var handtekinn. Með leyfi ákærða framkvæmdi lögregla húsleit í herbergi hans og haldlagði meðal annars sæng, kodda og rúmteppi, en samkvæmt frásögn brotþola átti meint nauðgun sér stað í rúmi ákærða. Við leitina haldlagði lögregla einnig rúllu af svörtum ruslapokum og svart strigalímband. Í framlögðum rannsóknargögnum kemur fram að sængurver hafi ekki verið utan um sængina og þá hafi ekki verið lak á rúminu. Í frumskýrslu lögreglu er eftir ákærða haft að hann hafi brennt sængurverið daginn áður þar sem það hafi verið orðið götött. Hjá brotþola kom hins vegar fram að ákærði hefði sett rúmfötin í svartan ruslapoka.

Ákærði býr í foreldrahúsum. Heimiluðu foreldrar hans lögreglu að framkvæma leit í húsinu og leitaði lögregla í þvottahúsi og á baðherbergi. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var einnig leitað í ruslatunnu utan við húsið. Í henni fannst svartur ruslapoki sem lokað hafði verið með svörtu strigalímbandi. Í pokanum reyndist vera sængurver, notaður smokkur, umbúðir utan af smokki, rautt handklæði o.fl.

Undir rannsókn málsins tók lögregla skýrslur af ákærða og brotþola. Stúlkan bar ákærða þeim sökum að hafa beitt hana grófu ofbeldi og meðal annars nauðgað henni í tvígang. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 26. júlí 2016 bar ákærði á þá lund að hann og brotþoli hefðu komið við heima hjá honum í stutta stund að morgni 25. júlí og stúlkan meðal annars fengið að fara á salerni. Við skýrslugjöf 17. ágúst sl. bar ákærði hins vegar fyrir sig minnisleysi og kvaðst ekkert muna eftir atvikum umræddan morgun.

Lögregla tók einnig skýrslur af nokkrum fjölda vitna. Var þar meðal annars um að ræða aðila sem voru í samkvæmi því sem ákærði og brotþoli voru í um nóttina og aðila sem hittu stúlkuna um hádegisbil 25. júlí sl. Jafnframt ræddi lögregla við foreldra ákærða og móður brotþola. Lögregla aflaði einnig gagna frá heilbrigðisstarfsfólki sem komið hafði að skoðun ákærða og brotþola, þ.m.t. læknisvottorða. Þá aflaði lögregla enn fremur símagagna.

B

Síðla nætur sunnudaginn 31. júlí 2016 var lögregla kölluð að [...] í [...]. Í tilkynningunni kom fram að þar væri stödd stúlka sem orðið hefði fyrir nauðgun. Þegar lögreglumenn voru á leið á vettvang barst tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra þess efnis að faðir ákærða hefði hringt og tilkynnt að ákærði

hefði greint honum frá því í símtali að hann hygðist drekkja sér í [...] vegna þess að hann ætti yfir höfði sér ákæru fyrir nauðgun.

Húsið að [...] er einbýlishús. Við íbúðarhúsið er frístandandi bílskúr og hefur herbergi verið innréttað í öðrum enda hans. Á vettvangi hitti lögregla fyrir húsráðanda, E. Greindi hann lögreglu svo frá að inni í íbúðarhúsinu væri stúlka sem ákærði hefði nauðgað. Fóru lögreglumenn inn í húsið og hittu þar fyrir brotþola, B. Er bókað í frumskýrslu lögreglu, sem F lögregluvarðstjóri ritaði, að brotþoli hafi verið í miklu uppnámi og grátið mikið. Í skýrslunni er haft eftir brotþola að ákærði hefði nauðgað henni og einnig beitt hana annars konar ofbeldi. Hefðu þau atvik átt sér stað í herberginu í bílskúrnum. Á einhverjum tímapunkti hefðu gestir í samkvæminu lamið á hurðina en ákærði þá haldið fyrir munn stúlkunnar og sagt að þetta væri í lagi. Á endanum hefði brotþoli losnað frá ákærða og hlaupið allsnakin yfir í íbúðarhúsið þar sem gestir í samkvæminu voru.

Í frumskýrslu lögreglu er bókað að brotþoli hafi verið með sjáanlega áverka í andliti, en báðar varir hennar hafi verið sprungnar. Þá hafi stúlkan sagt skýrsluritari að hún væri aum í öllum líkamanum.

Eftir húsráðanda er haft í frumskýrslu að brotþoli hafi mætt í samkvæmið í fylgd ákærða. Um nóttina hefðu E og félagar hans heyrt mikið öskur í kvenmanni. Fljótlega hefðu þeir áttað sig á því að öskrið kom frá herberginu í bílskúrnum. E sagðist hafa barið að dyrum en ákærði svarað og sagt að allt væri í lagi, „þau væru bara að stunda kinkí kynlíf“. E kvaðst ekki hafa lagt trúnað á það og hann því hlaupið inn til að finna lykla að herberginu. Skyndilega hefði brotþoli komið hlaupandi allsnakin og hágrátandi inn í íbúðarhúsið. Eftir að hafa hlúð að stúlkunni hefði E hringt í Neyðarlínuna og óskað eftir aðkomu lögreglu.

Við [...], neðan [...], kom lögregla að ákærða í flæðarmálinu. Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu sem rituð var vegna handtöku ákærða var hann klæddur í svartar gallabuxur, svarta peysu og einn sokk. Ákærði var skólaus. Segir í skýrslunni að ákærði hafi verið í mjög annarlegu ástandi. Eftir honum er haft í skýrslunni að hann væri of vondur fyrir þennan heim. Þá hefði ákærði í sífellu talað um að hann þyrfti að tala við geðlækninn sinn vegna þess að hann væri hættulegur. Ákærði hefði enn fremur talað um að hann vildi taka líf sitt og að hann hefði ekki áhuga á að lifa lengur í þessum heimi. Var ákærði handtekinn og færður í fangageymslur í þágu rannsóknar málsins og til þess að „ tryggja návist og öryggi.“

Undir rannsókn málsins tók lögregla skýrslur af ákærða og brotþola. Stúlkan bar ákærða þeim sökum að hafa beitt hana ofbeldi, sett fingur í kynfæri hennar og neitt hana til að veita sér munnmök. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 31. júlí 2016 bar ákærði á þá lund að hann og brotþoli hefðu haft samfarir umrætt sinn í herberginu í bílskúrnum með vilja stúlkunnar. Allt í einu hefði brotþoli hlaupið skælandi út úr

herberginu. Af hverju kvaðst ákærði ekki vita. Það „eina sem við gerðum var að ríða“. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 11. ágúst sl. bar ákærði að hann hefði spurt brotþola eftir því hvort hana langaði til að ríða og hún svarað játandi. Í kjölfarið hefðu þau farið inn í herbergið, klætt sig úr fötunum, eitthvað spjallað „og ég bara man ekki meira. Það næsta sem ég man, hún hljóp, hljóp eitthvað út grátandi“.

Við rannsókn málsins tók lögregla skýrslur af nokkrum fjölda vitna. Var þar fyrst og fremst um að ræða aðila sem voru í samkvæminu að [...] umrædda nótt. Jafnframt ræddi lögregla við móður brotþola. Lögregla aflaði enn fremur gagna frá heilbrigðisstarfsfólki sem kom að skoðun brotþola og ákærða, þ.m.t. læknisvottorða.

C

Hinn 10. ágúst 2016 var G geðlæknir dómkvödd til þess að framkvæma geðrannsókn á ákærða. Matsgerð hennar, dagsett 18. október 2016, liggur frammi í málinu. Niðurstöður hins dómkvadda matsmanns voru þessar:

1. Það er mín niðurstaða að X sé sakhæfur.
2. Hann hefur engin merki um sturlun, geðrof né rugl nú og ekkert bendir til þess að hann hafi verið í slíku ástandi þegar meint brot voru framin. Hann segir frá þunglyndiseinkennum sem hafa varað í langan tíma.
3. X er ungur og er persónuleikinn enn í mótun. Ýmislegt bendir til að hann eigi í erfiðleikum með að finna til samkenndar með öðrum. Hann sé reiður og eigi erfitt með að axla ábyrgð. Ýmislegt í frásögninni er ótrúverðugt, hann virðist hafa löngun til að gefa af sér mynd sem hörðum og ofbeldisfullum fíkli. Ekkert bendir þó til alvarlegrar persónuleikaröskunar, heilaskaða eða greindarskorts sem eru af þeirri gráðu að það firri hann ábyrgð gerða sinna.
4. Amfetamín mældist í þvagi þann 25. júlí. Hann segist hafa verið blindfullur 31. júlí og muni ekki atburðina inni í herberginu. Mikilli áfengisvímu getur fylgt minnileysi. Hins vegar er engin haldbær skýring á því minnisleysi sem hann ber fyrir sig þann 25. júlí. Hann segir að hugsanlega hafi líkami hans gert eitthvað en hann ekki.
5. Geðræn einkenni þau sem að ofan er lýst leiða ekki til ósakhæfni samkvæmt 15. grein hegningarlaga.
6. Þau útiloka heldur ekki fangelsisvist né að refsing komi að gagni.

Við framkvæmd geðrannsóknarinnar leitaði hinn dómkvaddi matsmaður til H sálfræðings og óskaði eftir sálfræðilegu mati hans á ákærða. Í niðurlagi samantektarkafli í skýrslu sálfræðingsins, sem upplýst er að stuðst var við við samningu áður nefndrar matsgerðar, kemur meðal annars fram að veikleiki hafi komið fram hjá ákærða varðandi orðaforða í greindarprófi en að öðru leyti hafi

hann skorað í meðalgreind. Ekki hafi komið fram sérstakur misþroski. Ákærði hafi ekki uppfyllt skimunarviðmið þegar lagður var fyrir hann skimunarlisti um einkenni á einhverfurófi. Þá hafi í greiningarviðtali um einkenni persónuleikavanda verið mest áberandi einkenni jaðarpersónuleikaröskunar og hegðunarröskunar/andfélagslegrar persónuleikaröskunar.

G kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins og staðfesti og skýrði matsgerð sína. Í sínum huga kvað matsmaður engan vafa leika á sakhæfi ákærða og því að refsing geti borið árangur. Þá sagði hann ekkert hafa komið fram sem benti til þess að ákærði hefði verið í geðrofi.

Fram kom hjá matsmanni að svo virtist sem ákærði hefði í nokkurn tíma glímt við dálítil einkenni þunglyndis og erfiðleika í samskiptum við aðra. Sagði matsmaður margt benda til þess að ákærði væri að þróa með sér persónuleikaröskun. Vísaði matsmaður í skýrslu sinni til umfjöllunar H um einkenni jaðarpersónuleikaröskunar og hegðunarröskunar/andfélagslegrar persónuleikaröskunar. Sagði matsmaður samhljóm vera með niðurstöðum sínum og niðurstöðum hins sálfræðilega mats H.

Matsmaður sagði ákærða hafa verið til mjög góðrar samvinnu við matið. Það hefði eingöngu verið þegar ræða átti atvik málsins sérstaklega sem hann hefði dregið sig í hlé. Greinilegt hefði verið að ákærða þótti mjög erfitt að tala um atvikin. Þungt hefði verið yfir ákærða og hann kosið að svara ekki spurningum. Spurður um ástæður þessara viðbragða ákærða svaraði matsmaður því til að ímynda mætti sér að um einhvers konar skömm væri að ræða. Tók matsmaður fram í þessu sambandi að ekkert benti til þess að ákærði myndi ekki atvik máls eða að hann hefði þá verið í geðrofi. Matsmaður sagði hjá ákærða hafa komið fram mikla reiði gagnvart stúlkunni í fyrra málinu en síðan hefði hann orðið mjög niðurlátur og ekki viljað tjá sig meira. Gagnvart síðari stúlkunni hefði ákærði sýnt einhvers konar vanlíðan. „Ég myndi kannski ekki beinlínis segja sektarkennd ... skömm kannski eða eitthvað“ og nefndi matsmaður í því sambandi að sú stúlka hefði verið vinkona ákærða sem hann hefði verið hrifinn af.

II

A

Ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins og neitaði sök samkvæmt báðum tölulíðum ákæru. Hann hafnaði einnig bótakröfum beggja brotaþola.

Ákærði kom að nýju fyrir dóminn við upphaf aðalmeðferðar. Af hálfu ákærða var því þá lýst yfir að hann myndi ekki þau atvik sem ákæruliðir 1 og 2 taka til. Hann myndi heldur ekki eftir því að hafa gefið skýrslu vegna málsins hjá lögreglu. Kvaðst ákærði ætla að notfæra sér rétt sinn samkvæmt 2. mgr. 113. gr. laga nr. 88/2008 til að neita að svara spurningum varðandi þá refsiverðu háttsemi sem

honum væri gefin að sök í málinu. Ákærði hlýddi því næst á foreldra sína gefa stuttar vitnaskýrslur í málinu en yfirlit dómssalinn við svo búið.

B

Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu var skýrsla tekin af ákærða 26. júlí 2016. Var þá eftir honum bókað að hann hefði ásamt félaganum sínum hitt brotþola A og farið með henni heim til I, vinar ákærða. Þar hefðu þau dvalist í töluverðan tíma. Upp hefði komið vandamál varðandi það að koma brotþola aftur í [...], þaðan sem hún hefði komið. Þar hefði meðal annars spilað inn í að ákærði var bensínlítill. Brotþoli hefði fengið að hringja úr síma ákærða í vin sinn í þeim tilgangi að útvega peninga fyrir bensíni. Sú tilraun hefði engu skilað. Á endanum hefði ákærði boðist til að keyra stúlkuna heim, þrátt fyrir að vera bensínlítill. Ákærði hefði á leiðinni ákveðið að koma við heima hjá sér og athuga hvort hann ætti þar einhverja peninga. Ákærða hefði dvalist nokkuð við leit að peningum og brotþoli þá komið inn í húsið. Hún hefði komið inn í þvottahúsið og síðan fengið að fara á klósettið. Ákærði sagði stúlkuna ekki hafa komið inn í herbergi sitt en hún hins vegar séð inn í herbergið þar sem dyrnar að því hefðu verið opnar. Ákærði kvaðst enga peninga hafa fundið en ákveðið að láta á það reyna hvort hann kæmist í [...] á því bensíni sem á bílnum var. Hann hefði síðan keyrt stúlkuna heim og hefðu þau lagt af stað á milli kl. 10 og 10:30 um morguninn. Ákærði hefði síðan farið beint heim aftur og farið að sofa um kl. 11-11:30.

Ákærði bar af sér allar sakir um kynferðisbrot og annað ofbeldi gegn brotþola A og sagði einu snertinguna þeirra á milli hafa verið þegar hann studdi stúlkuna út í bíl. Þá kannaðist ákærði ekki við að stúlkun hefði farið í sturtu heima hjá honum. Ástæðu þess að ekki voru sængurföt á rúmi ákærða þegar lögregla framkvæmdi húsleit sagði ákærði vera þá að hann hefði brennt sængurfötin sem verið hefðu orðin blettótt og götótt. Sængurfötin hefði hann brennt í steypuskýli nærri [...] ásamt vini sínum, J. J hefði einnig verið með ákærða þegar hann tók til í herberginu og setti ýmiss konar drasl í svartan ruslapoka sem hann síðan henti í ruslatunnu fyrir utan húsið. Ákærði kannaðist aðspurður ekki við að hafa sett sængurföt í ruslapokann.

Síðar í skýrslutökunni féll ákærði frá þeim framburði sínum að J hefði verið með honum við tiltekt í herberginu samkvæmt áðursögðu og kvaðst ákærði hafa verið einn við hana. Þá sagði ákærði það mögulegt að hann hefði haft samræði við brotþola A umrætt sinn, hann bara myndi það ekki. Skýrði ákærði þennan breytta framburð með því að hann væri andlega veikur.

Skýrsla var tekin að nýju af ákærða vegna sömu atvika 17. ágúst 2016. Kom þá fram hjá ákærða að hann myndi eftir því að hafa verið heima hjá I vini sínum og að síðan hefði hann skutlað brotþola A heim til sín. Við skýrslugjöfina vísaði

ákærði annars margítrekað til þess, þegar lögregla beindi til hans spurningum, að hann myndi ekki málsatvik.

C

Skýrsla var tekin af ákærða hjá lögreglu 31. júlí 2016 vegna þeirra atvika er ákæruliður 2 tekur til. Var þá eftir ákærða bókað að hann hefði verið í umræddu samkvæmi. Brotapoli B hefði einnig verið þar og hefðu þau verið að reyna hvort við annað. Ákærði hefði í framhaldinu fengið lánaðan lykil að herbergi í bílskúrnum. Þangað hefðu ákærði og brotapoli farið. Er inn var komið hefðu þau klætt sig úr fötunum, farið í sleik og ákærði farið með fingur í kynfæri stúlkunnar. Þau hefðu síðan haft kynmök með vilja brotapola. Þvertók ákærði fyrir að hafa beitt stúlkuna ofbeldi. Allt í einu hefði hún hlaupið hálfskælandi út úr herberginu og til vina ákærða. Kvaðst ákærði ekki vita af hverju brotapoli gerði það. Það eina sem þau hefðu gert hefði verið að hafa kynmök. Ákærði hefði í kjölfar þessa fyllst mikilli vanlíðan, langað til að deyja og því farið niður að sjó og vaðið út í.

Fram kom hjá ákærða að fólk hefði komið á dyrnar í herberginu á meðan þau brotapoli voru að hafa kynmök og verið „að reka á eftir okkur að klára“. Hann kannaðist hins vegar ekki við að stúlkun hefði þá gefið frá sér neyðaröskur.

Ákærði gaf skýrslu fyrir lögreglu að nýju 11. ágúst 2016. Kvaðst hann þá ekkert muna eftir skýrslugjöf sinni 31. júlí sama ár. Lýsti ákærði atvikum nokkuð á sömu lund og við fyrri skýrslugjöf. Hann sagðist hafa fengið lykil að herberginu í bílskúrnum hjá vini sínum og farið þangað inn með brotapola. Áður hefði hann verið búinn að spyrja stúlkuna eftir því hvort hana langaði að ríða og hún svarað játandi. Þau hefðu síðan farið úr fötunum. „Vorur eitthvað að spjalla og ég bara man ekki meira. Það næsta sem ég man, hún hljóp, hljóp eitthvað út grátandi“. Hvað gerðist þarna á milli kvaðst ákærði ekki muna. Kom fram hjá ákærða að hann hefði verið mjög ölvaður er atvik máls gerðust, hann verið „blekaður“. Taldi ákærði líklegt að hann hefði fengið „blackout“. Síðar við skýrslugjöfina sagðist ákærði þó ráma í að eitthvað kynferðislegt hefði gerst á milli þeirra brotapola í herberginu, eins og fram kæmi í fyrri skýrslu hans hjá lögreglu.

Við skýrslutökuna voru bornar undir ákærða lýsingar brotapola á ofbeldi, sem hún sagði ákærða hafa beitt sig, og meintu kynferðisbroti ákærða gegn henni. Sagðist ákærði ekkert kannast við þessar lýsingar brotapola og neitaði hann að hafa beitt stúlkuna ofbeldi.

III

A

Brotapoli A gaf skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi föstudaginn 12. ágúst 2016. Þar skýrði brotapoli svo frá að hún hefði verið í gistingu hjá vini sínum í [...]. Hún hefði farið út um eða skömmu eftir miðnættið, þ.e. aðfaranótt mánudagsins 25. júlí

2016, til þess að hitta vin sinn I. Ákærði, sem brotþoli hefði ekkert þekkt, hefði verið í för með I. Ákærði hefði verið á bíl og hefði hann ekið til [...] og síðan eitthvað um bæinn. Þar sem ákærði hefði verið bensínlítill hefðu þau farið heim til systur I, þar sem hann hefði þá búið.

Um morguninn hefði brotþoli viljað fara til baka en ákærði sagst ekki vera með nægt bensín til þess að skutla henni til baka. Brotþoli hefði þá reynt að útvega peninga fyrir bensíni. Brotþoli hefði hringt í vin sinn, K, sem fallist hefði á að leggja brotþola til peninga fyrir bensíni. Síðan hefði komið í ljós að ákærði var ekki með neitt kort til þess að leggja inn á og K því aldrei fengið neinar bankaupplýsingar frá brotþola. Ákærði hefði þá boðið brotþola gistingu. Sjálfur hefði hann sagst ætla að sofa á sófanum. Brotþoli hefði ekki verið spennt fyrir því að gista heima hjá ákærða en hún verið orðin þreytt og ekki nennt þessu vesni og því fallist á að gista þar.

Brotþoli sagði engan hafa verið heima hjá ákærða er þangað var komið, einhvern tímann á bilinu frá kl. 7-9 að því er stúlkan taldi. Brotþoli sagði þau ákærða hafa farið bakdyramegin inn í húsið. Er inn var komið hefði þvottahús verið á vinstri hönd en til hægri hefði verið gengið áfram inn í húsið. Herbergi ákærða sagði brotþoli hafa verið lítið og það hefði rúm hans einnig verið. Í herberginu hefði, auk rúmsins, verið skrifborð, sem á hefði verið tölva, hvít kómmóða, hvít hilla og stóll.

Brotþoli sagði þau ákærða fyrst hafa horft á mynd í tölvunni í stutta stund. Brotþoli hefði verið í öðrum enda rúmsins með sæng undir höfðinu en ákærði setið á stólnum. Stúlkan hefði verið hálfsofandi þegar ákærði hefði spurt hana að því hvort hún vildi fara að sofa. Brotþoli hefði játað því og komið sér fyrir í rúmi ákærða. Hún hefði spurt ákærða að því hvort hann ætlaði ekki að sofa á sófanum en hann sagst að þau skyldu bara prófa að sofa hlið við hlið. Brotþoli hefði nefnt hversu rúmið væri lítið og spurt ákærða hvort hann gæti ekki sofið í stofunni. Hann hefði sagst móður sína mótfallna því að sofið væri í stofunni. Brotþoli hefði ekki nennt að rífast við ákærða „... þannig að ég sagði bara já, já“. Kvaðst stúlkan hafa legið uppi við vegginn og hefði andlit hennar snúið að honum.

Fram kom hjá brotþola að ákærði hefði haldið áfram að tala og þannig haldið vöku fyrir henni. Hann hefði síðan tekið utan um brotþola og spurt hana hvort henni þætti þetta óþægilegt. Hún hefði svarað því játandi. Ákærði hefði þá beðið brotþola um að rétta sig aðeins upp, hrist öxl hennar og beðið hana um að horfa á sig. Brotþoli hefði gert það „... og þá byrjaði hann að kyrkja mig“. Hann hefði tekið um háls hennar með báðum höndum og þrýst að. Ákærði hefði því næst fært sig ofan á brotþola og haldið takinu um háls hennar. Hann hefði ekkert sagt heldur horft „ógeðslega“ á brotþola. Stúlkan kvaðst hafa verið mjög hrædd og

hugsað „þetta er mómentið sem ég mun deyja“. Taldi brotapolí að ákærði hefði haldið takinu í tvær til þrjár mínútur. Brotapolí kvaðst hafa streist á móti og reynt að slá til ákærða. Svo hefði farið að brotapolí datt í gólfíð. Ákærði hefði þá sparkað í síðu og í maga brotapóla og stigið á hálsinn á henni. Hann hefði síðan tekið hana hálstaki og lyft henni þannig upp „... eins og hann væri að reyna að hálsbrjóta mig“. Brotapolí hefði enn streist á móti, náð að komast frá ákærða og beðið hann um að hætta. Hefði hún sagst ætla að gera allt sem hann vildi bara ef hann myndi ekki meiða hana. Brotapolí kvaðst hafa sagt ákærða að hún væri á blæðingum og beðið um að fara á klósettið. Hefði ákærði fylgt henni þangað. Baðherbergishurðina sagði brotapolí ekki hafa verið aftur þegar hún var á klósettinu og taldi stúlkan að ákærði hefði viljað fylgjast með sér.

Brotapolí sagði ákærða hafa beðið hana um að fara úr fötunum sem hún hefði gert. Ákærði hefði í kjölfarið sagt stúlkunni að leggjast í rúmið og brotapolí lagst allsnakin á bakið í rúmið. Ákærða kvað stúlkan einnig hafa verið orðinn nakinn. Hann hefði síðan bæði látið stúlkuna totta sig og nauðgað henni. Gat brotapolí ekki sagt til um hvort hefði gerst á undan. Ákærði hefði einnig snert brjóst hennar og rass. Þá hefði hann sett fingur inn í kynfæri stúlkunnar og sleikt þau. Þá hefði ákærði slegið brotapóla að minnsta kosti tvisvar í andlitið. Hefði hann gefið þær skýringar á því að hún væri ekki nógu grönn og að hún væri ekki með neinar neglur. Ákærða hefði þótt það ljótt. Þessu hefði lokið með því að ákærði „kláraði“, hann fékk fullnægingu og hafði sáðlát inn í hana. Það hefði brotapolí bæði fundið og séð.

Eftir það hefðu þau í fyrstu starað upp í loftið. Ákærði hefði síðan farið að tala um það að hann tryði því ekki að hann hefði reynt að „svæfa“ brotapóla. Hefði brotapolí skilið ákærða svo að hann hefði með þessu átt við það að drepa hana. Brotapolí kvaðst hafa verið „ógeðslega stíf og ógeðslega hrædd, þú veist ég gat, þú veist, ég titraði af hræðslu“.

Brotapolí kvaðst eftir þetta hafa farið í sturtu. Ákærði hefði þá aftur viljað hafa samfarir við stúlkuna. Þá hefði hann notað smokk. Fyrst hefði ákærði verið ofan á brotapóla. Hefði hann lagt rautt handklæði undir hana. Ákærði hefði síðan viljað skipta um stellingu. Hann hefði þá farið á gólfíð en brotapolí staðið og beygt sig yfir rúmið. Ákærði hefði verið aftan við hana. Þessu hefði síðan lokið með því að ákærði fékk aftur fullnægingu. Ákærði hefði síðan sótt „... ruslapoka eða eitthvað og hann er eitthvað að taka til í herberginu sínu og skipta á rúmfötum og eitthvað“. Taldi brotapolí að rauða handklæðið hefði einnig farið ofan í pokann. Spurð um ástæðu þessa svaraði brotapolí: „Hann sagði við mig ef þú myndir kæra mig og löggan kemur þá mun hún ekki finna neitt sem er svona eitthvað sem hægt er að nota sem sönnunargögn ...“ Hefði ákærði ítrekað sagt brotapóla að kæra hann

ekki. Það myndi ekkert þýða.

Spurð um hvort hún hefði einhvern tímann haft færi á því að komast undan kvaðst brotapolí hafa verið of hrædd til þess að reyna það, „... of hrædd ef mér skyldi mistakast að komast í burtu þú veist þá myndi hann drepa mig.“ Sagði brotapolí ákærða hafa látið þau orð falla að ef hún gerði ekki það sem hann vildi myndi hann láta hana hverfa. Brotapolí hefði skilið þessi orð sem líflátshótun.

Fram kom hjá brotápola að eftir að hún var ítrekað búin að biðja ákærða um að keyra sig „heim“ hefði ákærði gert það. Á leiðinni hefði ákærði beðið brotápola um að kæra sig ekki og segja engum frá því sem gerst hafði.

Eftir að ákærði ók brotápola í [...] kvaðst hún hafa farið heim til vinkonu sinnar, L. Taldi brotapolí að hún hefði verið þangað komin um kl. 10-10:30. L hefði ekki verið heima og hefði brotapolí því sagt foreldrum stúlkunnar frá því að ákærði hefði nauðgað henni og reynt að drepa hana.

Í vikunni eftir að þetta gerðist kvaðst brotapolí hafa fengið skilaboð frá ákærða þess efnis að hún ætti að draga kærana til baka. Þau skilaboð hefði vinur ákærða borið henni þegar hún var stödd í [...].

Brotapolí A gaf skýrslu að nýju fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Fram kom hjá brotápola að ákærði hefði umrætt sinn tekið um háls hennar með báðum höndum, með þumal fingurna framan á hálsinum, og „kyrkt“ hana. Áleit brotapolí að ákærði hefði verið með hendurnar um háls hennar í um 1 og ½ mínútu. Á meðan hefði ákærði starað á brotápola. Þá hefði ákærði jafnframt stigið á háls brotápola er hún lá á gólfinu. Lýsti brotapolí því einnig svo að ákærði hefði „stappað“ á hálsi hennar. Taldi brotapolí að þessi atлага ákærða að henni hefði alls tekið u.þ.b. 5 mínútur. Kom fram hjá brotápola að fyrstu tvær vikurnar á eftir hefði hún vegna þessa átt mjög erfitt með að borða, kyngja og tala. Svo hefði þetta lagast en hún fengi samt annað slagið verki í hálsinn.

Spurð um hvað gerst hefði heima hjá ákærða, annað en það sem ákærða er gefið að sök í málinu, bar brotapolí að ákærði hefði verið að tala um sjálfan sig, um það hversu bággt hann ætti.

Um líðan sína eftir að atvik máls gerðust bar brotapolí að henni liði stundum mjög illa. Hún ætti erfitt með svefn og ætti það til að læsa sig inni í herbergi dögum saman. Þá færi hún ekkert út og borðaði ekkert. Brotapolí kvaðst hafa hætt í skóla síðasta haust þegar þrjár vikur voru liðnar af skólaárinu vegna þess hversu illa henni leið. Var á stúlkunni að skilja að að hluta til hefði mátt rekja þá niðurstöðu til atvika þessa máls. Brotapolí sagðist hafa farið í fjögur viðtöl hjá sálfræðingi vegna vanlíðanar sinnar og fyrirhugað væri að sú meðferð héldi áfram.

Vitnið K kvaðst hafa fengið símtal frá brotþola A skömmu fyrir kl. 7:00 að morgni 25. júlí sl. Erindi brotþola hefði verið að fá peninga hjá vitninu fyrir bensíni svo að stúlkan kæmist heim frá [...]. Vitninu hefði skilist að brotþoli væri í för með vini sínum eða vinkonu og hefði vitnið átt að leggja peninga inn á „... einhvern annan sem hún var með.“ Stúlkan hefði hins vegar aldrei hringt aftur og vitnið því ekki fengið frá henni nauðsynlegar bankaupplýsingar. Ekki hefði því orðið af því að vitnið legði stúlkunni til peninga.

I skýrði svo frá fyrir dómi að hann hefði umrædda nótt verið heima hjá sér ásamt ákærða „að chilla“. Þeir hefðu hringt í brotþola A og fengið hana til að koma. Síðar hefði brotþoli viljað fara heim aftur en ekki komist þar sem ákærði hefði verið bensínlítill. Ekki hefði komið til álita að stúlkan gisti heima hjá vitninu. Brotþoli hefði því „á endanum“ fallist á að gista heima hjá ákærða. Kom fram hjá vitninu að stúlkan hefði ekki verið neitt sérstaklega jákvæð fyrir því að gista hjá ákærða. Brotþoli hefði síðan yfirgefið heimili vitnisins ásamt ákærða. Meira kvaðst vitnið ekki vita um málsatvik.

Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa orðið vart við það að „eitt hvað hefði verið í gangi“ á milli ákærða og brotþola á meðan þau voru heima hjá vitninu.

M bar að um kl. 11:30 umræddan morgun hefði brotþoli A komið á heimili hennar og verið að leita að L, dóttur vitnisins. L hefði hins vegar ekki verið heima, en hún hefði verið í vinnu.

Vitnið kvað brotþola hafa brotnað niður hjá vitninu. Stúlkan hefði verið miður sín og liðið mjög illa. Hefði hún grátið og legið í fangi vitnisins í um 20 mínútur. Brotþoli hefði greint vitninu frá því að „strákur“ hefði nauðgað henni og jafnframt haft í hótunum við hana, fengi hann ekki vilja sínum framgengt. Gerandinn hefði einnig reynt að stíga á háls stúlkunnar, sem vitnið kvað hafa verið rauðan að sjá. Á eftir hefði hann sent brotþola í sturtu og síðan ekið henni heim til vitnisins. Aðspurt kvað vitnið hár brotþola hafa verið blautt þegar stúlkan kom heim til vitnisins.

Vitnið sagði föður L hafa sótt hana í vinnuna og hefði hún komið fljótlega og rætt við brotþola. Í framhaldinu hefði vitnið ekið brotþola á sjúkrahús.

L bar fyrir dómi að faðir hennar hefði sótt hana í vinnuna umræddan dag, fyrir hádegi að því er stúlkan taldi, og farið með hana heim. Þangað hefði brotþoli A óvænt komið nokkru áður að leita að vitninu. Stúlkuna sagði vitnið hafa lýst málsatvikum svo að hún hefði farið og hitt tvo eða þrjá vini sína í [...]. Þeir hefðu ekki viljað skutla brotþola heim nema hún útvegaði peninga fyrir bensíni. Brotþoli hefði reynt að útvega peninga, en án árangurs. Þar sem brotþoli hefði ekki komist heim til sín hefði hún þurft að fara heim til ákærða og vera þar um

nóttina. Því sem þar gerðist hefði brotþoli lýst svo að ákærði hefði læst hana inni og nauðgað henni. Fram hefði komið hjá brotþola að hún hefði verið á túr. Ákærði hefði reynt að stíga á háls stúlkunnar og einnig tekið um háls hennar „... til þess að brjóta hann.“ Þá hefði hann sparkað í rifbein stúlkunnar. Eftir að hafa brotið gegn stúlkunni hefði ákærði látið hana fara í sturtu. Ákærði hefði síðan ekið brotþola heim til vitnisins. Vitnið sagði brotþola hafa verið hágrátandi er þær ræddu saman. Brotþoli hefði verið „í sjokki“ og átt erfitt með að tala.

N lögreglumaður bar að hún hefði verið á bakvakt 25. júlí sl. er henni hafi borist símtal frá Sigurði Frey Sigurðssyni hdl., nú skipuðum réttargæslumanni brotþola A, sem staddur hefði verið á neyðarmóttöku Landspítalans. Lögmaðurinn hefði greint frá því að brotþola hefði verið nauðgað af ungum manni, ákærða í máli þessu. Í kjölfar tilkynningarinnar hefði vitnið farið á heimili ákærða sem hefði verið þar staddur ásamt bróður sínum. Ákærði hefði verið handtekinn og húsleit framkvæmd.

Við leitina hefði fundist svartur ruslapoki í sorptunnu sem stóð við húsið. Í pokanum hefðu verið rúmföt, notuð verja o.fl. Sagði vitnið innihald pokans hafa verið í samræmi við frásögn brotþola, þ.m.t. lýsingar stúlkunnar á þeim rúmfötum sem í pokanum voru. Lýsing brotþola á herbergi ákærða og teikning sem stúlkan gerði af herbergi ákærða hefði enn fremur verið í samræmi við aðstæður þar inni. Þá hefði frásögn stúlkunnar af því að hún hefði fengið að hringja úr síma ákærða verið í samræmi við símagögn sem lögregla hefði aflað.

Sannleiksgildi frásagnar ákærða á vettvangi af því að hann hefði brennt rúmföt sín sagði vitnið hafa verið kannað og hefði starfsfélagi vitnisins farið og leitað að rúmfötum samkvæmt lýsingu ákærða. Ekkert hefði hins vegar fundist við þá leit. Þá hefði félagi ákærða, sem ákærði hefði sagt hafa verið með sér við tiltekt í herberginu, ekki kannast við þá frásögn ákærða. Ákærði hefði síðar dregið þessa frásögn til baka.

Vitnið kvaðst hafa hitt brotþola að kvöldi 25. júlí sl., en vitnið tók skýrslu af stúlkunni síðla það kvöld. Stúlkan hefði þá verið rauð á hálsi og mar verið tekið að myndast vinstra megin á hálsinum. Þá hefði stúlkan verið frekar hás og átt erfitt með að tala hærra þegar vitnið hefði óskað eftir því við hana.

Fram kom hjá vitninu að það hefði verið viðstatt skýrslutöku af ákærða 26. júlí 2016. Aðspurt kvað vitnið ákærða meðal annars hafa greint frá því að hann væri geðveikur og greindur með ýmsa kvilla og að hann hefði leitað sér aðstoðar sálfræðings vegna þess. Einnig hefði komið fram við skýrslutökuna að ákærði hygðist leita sér lækniástoðar vegna andlegrar heilsu.

O lögreglumaður kvaðst hafa verið á bakvakt umræddan dag og verið kallaður út til aðstoðar starfsfélaga sínum, N. Vitnið kvaðst hafa rætt litillega við ákærða á vettvangi og síðan aðstoðað við leit.

Vitnið sagðist við leitina hafa veitt því athygli að ekki voru sængurföt á rúmi ákærða. Vitnið hefði innt ákærða eftir ástæðu þessa og ákærði svarað því til að hann hefði brennt sængurfötin skömmu áður. Vitnið sagði ákærða fyrst hafa borið að hann hefði farið ásamt vini sínum með sængurfötin á föstudagskvöldið, eða aðfaranótt laugardagsins, áleiðis út í [...] og brennt þau í steypuskýli. Síðar hefði ákærði dregið til baka að vinur hans hefði verið með honum í för. Sagði vitnið frásögn ákærða af þessum atvikum hafa verið mjög óljósa. Vitnið kvaðst hafa farið ásamt starfsfélaga sínum á svæðið sem ákærði hefði nefnt. Á því væri nokkuð af steypum skýlum og hefðu lögreglumennirnir kannað þau skýli sem sjá mátti frá veginum og önnur sem þeir hefðu vitað af. Við þessa könnun hefðu lögreglumennirnir ekkert séð sem bent hefði til þess að eitthvað hefði verið brennt nýlega í skýlunum. Tók vitnið fram að aðkoman í einu stóru skýli hefði verið með þeim hætti að ómögulegt hefði verið að átta sig á því hvort eitthvað hefði verið brennt þar nýlega.

Fram kom hjá vitninu að það hefði tekið skýrslu af ákærða 26. júlí 2016. Undir lok skýrslutökunnar kvað vitnið aðspurt ákærða hafa farið að ókyrrast og líða illa. Vitnið hefði hins vegar ekki talið það óeðlilegt miðað við þær sakir sem á ákærða voru bornar og þá aðstöðu sem hann var í.

P læknir skoðaði brotaþola A á bráðamóttöku Landspítalans á neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis. Vitnið sagði brotaþola hafa verið með áverka á hálsi, bæði hægra og vinstra megin að framanverðu. Áverkar hefðu jafnframt verið undir kjálkabarði og þá hefði smá blettur verið utanvert á læri. Kvað vitnið áverka brotaþola hafa samrýmst þeirri sögu sem hún gaf vitninu af atvikum.

Vitnið vísaði til og skýrði teikningu sem það gerði af áverkum brotaþola við skoðunina. Þar kæmi fram að stúlkan hefði verið með hruf/rispu framan á hálsi, hruf framan á kjálkabarði, bæði hægra og vinstra megin. Vinstra megin á hálsi hefðu verið byrjandi stórir marblettir sem vel gætu samrýmst föstu gripi með hendi. Hægra megin hefðu einnig verið að koma fleiri marblettir. Framan á læri hefði verið 1 cm stór bláleitur ferskur marblettur. Vitnið vísaði enn fremur til þess að það hefði ritað í skýrslu sína um ástand brotaþola: „Döpur og leið og búin að gráta. Týnd í tilverunni.“ Síðari setninguna skýrði vitnið svo að stúlkan væri búin að eiga erfitt uppdráttar. Komi frá brotnu heimili og ekki haft í mörg hús að venda.“

Áverka á hálsi stúlkunnar sagði vitnið ekki vera „...“ eftir venjulegar gælur. Þetta er klárt ofbeldi.“ Mat vitnið áverkana svo að þeir væru „...“ verulegir ... og koma ekki undan nema miklu afli.“ Var á vitninu að skilja að afleiðingar af ofbeldi

sem þessu gætu orðið alvarlegar stæði ofbeldið yfir í lengri tíma. Kvað vitnið stúlkuna hafa upplifað ofbeldið sem hótun. Rispur á hálsi stúlkunnar sagði vitnið mögulega geta verið eftir að stigið hefði verið á háls stúlkunnar, svo sem hún hafi borið. „Þessi áverki, svona breiður, og þessar rispur eru ekki eftir bara venjulegt handtak.“

Q hjúkrunarfræðingur greindi svo frá fyrir dómi að hún hefði fengið málefni brotaþola A til meðferðar á bráðamóttöku Landspítalans á neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis. Vitnið hefði fylgt brotaþola inn í neyðarmóttökuherbergi þangað sem læknir hefði komið til að skoða stúlkuna.

Vitnið sagði brotaþola hafa talað mjög lágt og erfitt hefði verið að heyra í henni. Vitnið hefði spurt brotaþola að því hvort hún væri með mikla hálsbólgu, en rödd stúlkunnar hefði borið þess vitni að hún væri mjög bólgin í hálsinum. Brotaþoli hefði svarað: „Mér er svo illt eftir að hann kyrkti mig.“ Við skoðun hefði meðal annars komið í ljós að stúlkan var með áverka á hálsi.

Brotaþoli hefði gefið skýra frásögn en virst vera feimin og hlédræg, verið svolítið dofín og einnig hrædd. Brotaþoli hefði meðal annars lýst því að ákærði hefði tekið föstu taki um háls stúlkunnar og haldið því frekar lengi, 1-2 mínútur samkvæmt því sem vitnið hefði skrifað niður eftir stúlkunni. Brotaþoli hefði reynt að losa sig, hún síðan fallið í gólfið og ákærði þá stigið á háls hennar. Eftir að hafa lýst atvikum fyrir vitninu og lækni hefði stúlkan afklæðst, áverkar hennar verið myndaðir og læknir síðan framkvæmt skoðun.

Vitnið sagði stúlkuna hafa verið á neyðarmóttökunni fram eftir kvöldi og hefði vitnið kallað til háls-, nef- og eyrnalækni til þess að framkvæma á henni skoðun. Stúlkan hefði einnig farið í tölvusneiðmyndatöku.

R læknir kvaðst hafa skoðað brotaþola A. Stúlkan hefði verið með mar á hálsi og verið hvellaum við alla hreyfingu. Bólga hefði því greinilega verið á hálsi þótt tölvusneiðmynd hefði ekki sýnt fram á neina alvarlega áverka. Mikil mjúkpartaeysli hefðu því greinilega verið á hálsi. Þá staðfesti vitnið það sem fram kæmi í vottorði þess frá 5. ágúst 2016 að stúlkan hefði verið „merkjanlega hás þegar *hún* talar.“

Vitnið sagði áverka á hálsi brotaþola hafa samrýmst því að hún hefði verið tekin kverkataki, en á hálsinum hefði mátt sjá litla marbletti sem vel hefði getað passað að væru eftir fingur.

Um hættueiginleika þess að taka manneskju kverkataki eða stíga á háls hennar bar vitnið að við það gætu orðið blæðingar inn í mjúkparta eða brot komið fram í tungubeini. Slíkir áverkar gætu verið hættulegir. Tilgangur tölvusneiðmyndatökunnar hefði meðal annars verið sá að kanna hvort áverkar eins

og þessir væru til staðar. Þá sagði vitnið „að sjálfsögðu“ vera hættu því samfara að taka svo föstu taki um háls einstaklings að marblettir mynduðust.

S, sérfræðingur á tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, kom fyrir dóm og staðfesti og skýrði rannsóknarskýrslur sínar. Fram kom hjá vitninu að það hefði rannsakað notaða verju sem fundist hefði í svörtum ruslapoka við heimili ákærða. Vitnið staðfesti að blóðkám hefði fundist á verjunni sem samrýmst gæti þeim framburði brotaþola A að hún hefði verið á blæðingum er atvik máls gerðust.

Vitnið sagði í nærbuxum brotaþola hafa fundist sáðfrumur sem reynst hefðu frá ákærða komnar. Sáðfrumur úr ákærða hefðu einnig reynst vera í sýni sem tekið hefði verið úr leghálstoppi brotaþola.

T, faðir ákærða, bar fyrir dómi að um áramótin 2015/2016 hefðu hann og móðir ákærða orðið vör við að mæting ákærða í vinnu versnaði. Á þeim tíma hefði ákærði verið kominn í félagsskap sem foreldrar ákærða þekktu ekki til en vissu þó að sumir félaga ákærða voru hvorki í vinnu né skóla. Ákærði hefði ætlað að skipta um vinnu en einungis enst einn dag á nýja vinnustaðnum. Honum hefði síðan ekki staðið til boða að koma til baka á gamla vinnustaðinn. Á þessum tíma sagði vitnið kúvendingu hafa orðið hvað varðaði andlega heilsu ákærða. Hann hefði snúið sólarhringnum við og svo virst sem hann forðaðist það að vera heima hjá sér. Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið hins vegar aldrei hafa orðið vart við að ákærði sýndi af sér ofbeldisfulla hegðun.

Vitnið kvaðst hafa sótt ákærða á lögreglustöð er hann var látinn laus úr haldi 26. júlí 2016. Ákærði hefði þá verið gjörsamlega niðurbrotinn. Á heimleiðinni hefði ákærði talað um að hann gæti ekki trúað því að hann hefði framið „... þann skelfilegasta glæp sem hægt væri að hugsa sér“.

Þegar heim kom hefði ákærði farið í sturtu. Að því loknu hefðu vitnið og móðir ákærða farið með ákærða, að hans ósk, á bráðamóttöku geðdeildar. Sagði vitnið ástand ákærða hafa verið slíkt að það hefði talið fullvíst að ákærði yrði lagður inn. Það hefði hins vegar ekki verið gert og hefði sú niðurstaða komið vitninu á óvart.

Eftir að ákærði var handtekinn vegna síðara málsins hefði ákærði talað um það við vitnið þegar það hitti hann í fangelsinu á Litla-Hrauni að hann þyrfti að vera hjá geðlækni. Væri það enn ósk ákærða að vera undir læknishendi vegna andlegs heilsufars síns.

Fram kom hjá U, móður ákærða, fyrir dómi að þegar ákærði hefði komist á unglingsár hefði farið að gæta ákveðinnar reiði ákærða í garð foreldranna, án þess að þau hefðu gert sér grein fyrir því af hverju sú reiði stafaði. Ákærði hefði ekkert viljað ræða það við þau. Þegar ákærði kom á framhaldsskólaaldur hefði þetta ástand

farið út í miklar öfgar og ákærði alveg hætt að tala við foreldra sína og hundsáð þá að mestu.

Þegar slitnað hefði upp úr sambandi ákærða við stúlku sem hann hafði verið með um tíma hefði hann eignast nýja vini sem vitnið hefði mjög lítið þekkt til. Ákærði hefði síðan flosnað upp úr námi. Foreldrarnir hefðu haft samband við sálfræðing vegna ástandsins og ætlað að fá drenginn til hans með sér en það ekki gengið eftir.

Upp úr síðustu áramótum hefðu foreldrar ákærða orðið vör við að ákærði mætti ítrekað ekki til vinnu. Ákærði hefði síðan ætlað sér að skipta um vinnu síðasta vor en einungis enst einn dag á nýja vinnustaðnum. Í kjölfarið hefði ákærði verið án atvinnu.

Vitnið sagði þau foreldrana hafa haft áhyggjur af andlegri heilsu sonar síns og leitað til sálfræðings vegna þess samkvæmt ofansögðu. Þau hefðu einnig rætt mál ákærða við félagsfræðing hjá [...]. Vitnið kvaðst sérstaklega aðspurt aldrei hafa orðið vart við að ákærði sýndi af sér ofbeldisfulla hegðun.

Vitnið sagði foreldrana hafa farið saman og sótt ákærða á lögreglustöð er hann var látinn laus úr haldi síðla dags 26. júlí 2016. Ákærði hefði þá verið niðurbrotinn. Vitnið sagði þau fyrst hafa farið með ákærða heim en eftir að vitnið hefði rætt í síma við starfsmann á bráðageðdeild Landspítala hefðu þau brunað með ákærða þangað til viðtals. Á leiðinni hefði ákærði verið bugaður, miður sín. Hann hefði talað um að sér þætti skelfilegt að fólk héldi því fram að hann hefði framið þann versta glæp sem hægt væri að fremja. Á bráðageðdeildinni hefði fyrst verið rætt við ákærða og síðan foreldra hans. Þar hefði þeim verið tjáð að mögulega fengi ákærði inni á göngudeild innan einnar viku eða tveggja. Vitnið kvað þau öll hafa orðið hissa á því að ákærði skyldi ekki strax lagður inn. Þau hefðu hins vegar lítið getað gert annað en fara heim aftur með ákærða.

Fram kom hjá vitninu að það hefði á þessum tíma vitað að ákærði væri farinn að drekka áfengi. Vitnið hefði hins vegar ekki vitað hvort hann hefði neytt annarra vímuefna.

Vikuna á eftir sagði vitnið ákærða hafa liðið mjög illa og hann verið eirðarlaus. Taldi vitnið að ákærði hefði lítið nærst þessa daga. Vanlíðan hans hefði verið mikil. Þessa daga hefði ákærði haldið áfram að tala um að hann þyrfti á aðstoð að halda vegna andlegrar heilsu.

B

Brotapoli B skýrði svo frá fyrir dómi að hún hefði verið í matarboði þegar ákærði hefði haft samband og viljað fá hana með sér í samkvæmi. Hún hefði fallist á að fara í samkvæmið með ákærða. Tók stúlkan fram í því sambandi að ákærði hefði á þessum tíma verið besti vinur hennar og hefði hann sagst ætla að passa upp

á hana í samkvæminu. Ákærði hefði síðan sótt brotþola og ekið með hana í samkvæmið sem haldið hefði verið í húsi í [...]. Brotþoli kvaðst hafa kynnst fólki í samkvæminu og hefði henni verið þar vel tekið. Sagði hún áfengi hafa verið haft um hönd og einnig hefði fólk verið að reykja. Sjálf kvaðst stúlkan hafa verið búin að drekka „pínu“.

Brotþoli kvaðst hafa farið með ákærða, sem brotþoli sagði bæði hafa verið ölvaðan og undir áhrifum fíkniefna, út úr húsinu um nóttina þar sem ákærði hefði ætlað að fá sér að reykja. Þar hefði ákærði byrjað að kyssa brotþola. Hann hefði einnig farið með fingur í kynfæri stúlkunnar. Ákærði hefði látið í ljós vilja til þess að hafa samfarir við brotþola og hefði hún í fyrstu ekki tekið illa í það. Ákærði hefði sagst vilja fara með brotþola inn í herbergi í bílskúrnnum. Hann hefði fengið lykil að herberginu og farið með stúlkuna þangað inn. Hurðina að herberginu sagði brotþoli hafa verið læsta. Var á brotþola að skilja að er þarna var komið sögu hefði hún verið orðin því fráhverf að hafa samfarir við ákærða og hún sagt honum það. Ákærði hefði hins vegar látið stúlkuna setjast á sófa og farið að klæða hana úr buxunum, gegn mótmælum hennar. Ákærði hefði síðan farið sjálfur úr öllum fötunum. Því næst hefði hann reynt að fá brotþola til þess að fara úr bolnum en hún ekki viljað það. Ákærði hefði þráast við og haldið áfram í um 15 mínútur að reyna að fá stúlkuna úr bolnum, allt þar til hann fékk „... kast og byrjar að kyrkja mig og segir mér að drulla mér úr bolnum“. Var á stúlkunni að skilja að er þarna var komið sögu hefði hún verið byrjuð að gráta. Ákærði hefði þá sagt: „Þegar þú grætur þá gerir þú mig ... graðari.“

Brotþoli kvaðst hafa látið undan ákærða og farið úr bolnum. Ákærði hefði verið mjög reiður og haldið áfram um háls stúlkunnar með báðum höndum og öskrað á hana. Stúlkan kvaðst sjálf hafa reynt að öskra en ákærði hótað að hálsbrjóta hana ef hún gerði það. Brotþoli hefði samt sem áður gert aðra tilraun til þess að öskra og ákærði þá hótað að taka hana í rassinn. Hann hefði síðan slegið stúlkuna í andlitið.

Brotþoli sagði ákærða hafa farið með fingur í kynfæri hennar. Þegar stúlkan hefði kveinkað sér vegna sársauka og beðið hann um að hætta hefði ákærði svarað: „Æ, æ, greyið þú.“

Ákærði hefði jafnframt neytt brotþola til þess að totta sig með hótunum um ofbeldi. Hann hefði haldið í hár stúlkunnar og ýtt höfði hennar niður og neytt hana til munnmakanna. Við það hefði ákærði klórað í hnakka brotþola. Hann hefði síðan ýtt höfði brotþola enn neðar og við það hefði henni legið við köfnun og hún hóstað. Ákærði hefði þá strax gripið fyrir munn stúlkunnar svo að hún gæti ekki gefið frá sér hljóð. Brotþoli hefði sagt ákærða að hún þyrfti að fara á klósettið og reynt að standa upp og hlaupa í burtu. Ákærði hefði þá gripið í brotþola, tekið um

háls hennar og grýtt henni í vegg. Brotapoli hefði því næst rekist utan í borð og fallið í gólfið. Þar hefði ákærði kýlt stúlkuna, tekið um háls hennar og einnig haldið fyrir munn hennar og nef. Stúlkan hefði þá haldið að hún væri að deyja. Þá hefði einhver barið á herbergishurðina og spurt hvort allt væri í lagi. Ákærði hefði svarað: „Það er allt í lagi, þetta er bara kinkí kynlíf.“ Brotapoli kvaðst hins vegar hafa náð hendi ákærða frá munnum og öskrað: „Nei.“ Í kjölfarið hefði ákærði sleppt brotapolu og hefði stúlkan þá hlaupið nakin og blóðug út úr herberginu og inn í íbúðarhúsið. Spurð um hvaðan blóðið hefði komið svaraði brotapoli því til að ákærði hefði klórað hana. Einnig hefði blætt úr vörum hennar. Hvað áverka varðaði kom einnig fram hjá stúlkunni að hún hefði verið aum í hálsi, með hálsríg, í margar vikur eftir atvikin í herberginu. Þá sagði stúlkan þá áverka sem hún var með við skoðun á neyðarmóttöku hafa verið af völdum ákærða.

Almennt um líðan sína bar brotapoli aðspurð að meðan á atlögu ákærða stóð hefði henni liðið mjög illa og á tímabili hefði hún haldið að hún væri að fara að deyja. Þá sagði brotapoli vanlíðan stundum koma enn yfir hana vegna þessara atburða. Hún fái þunglyndisköst og bresti í grát. Um haustið hefði hún ítrekað fengið kvíðaköst í skólanum og átt erfitt með að einbeita sér að náminu. Þessi atvik hefðu einnig haft neikvæð áhrif á félagslega stöðu brotapolu í skólanum. Kom fram hjá stúlkunni að hún hefði í kjölfar þessara atvika fengið meðferð í Barnahúsi sem haft hefði jákvæð áhrif á líðan hennar. Þeirri meðferð væri ekki lokið.

E greindi svo frá að hann hefði verið með samkvæmi heima hjá sér umrætt sinn og boðið þangað nokkrum félögum sínum. Um ósköp hefðbundið samkvæmi hefði verið að ræða og „fullt af fólki“ mætt og verið að drekka og djamma. Ákærði hefði komið með stúlku í samkvæmið, brotapolu B, og hefði vitnið séð þau sitja saman í sófa og spjalla. Þau hefðu eitthvað verið „utan í hvort öðru“. Annars hefði vitnið ekki veitt þeim neina sérstaka athygli.

Síðar um kvöldið hefði ákærði komið til vitnisins og félaga þess og beðið um að fá lánaða lyklna að „útiherberginu“. Var á vitninu að skilja að ekkert óvenjulegt hefði verið við þá bón ákærða, en herbergið sagði vitnið gjarnan vera notað þegar þeir félagarnir héldu samkvæmi. Þeir hefðu því látið ákærða fá lyklna að herberginu. Með það hefði ákærði farið en þó sagt áður að ef ekkert heyrðist í honum eftir 15 mínútur mættu þeir koma og tékka á honum. Til þess hefði ekki komið heldur hefðu þeir félagarnir bara haldið áfram að djamma.

Einhverju síðar, um kl. 4:00 að því er vitnið taldi, hefði vitnið verið úti að reykja þegar það hefði heyrt öskur. Öskrið hefði hljómað þannig að vitnið hefði strax vitað að eitthvað var ekki í lagi. Kom fram hjá vitninu að upp í huga þess hefði komið atvikið varðandi A skömmu áður, sem vitnið og félagar þess hefðu vitað af en ekki viljað trúu. Vitnið hefði því strax farið að athuga hvaðan öskrið

hefði komið og áttað sig á því „að þetta kemur frá útiherberginu“. Annaðhvort vitnið eða V hefði bankað á hurðina, sem verið hefði læst, og spurt hvað væri í gangi. Ákærði hefði svarað: „Hvað er þetta, þetta er bara kinkí kynlíf.“ Brotapoli hefði hins vegar öskrað og sagt „nei“. Vitnið sagðist hafa áttað sig á því að ekki var allt með feldu. Vitnið hefði farið aftur inn í húsið en þar hefði verið mikið uppnám og „við“ ekki vitað hvað við ættum að gera. Skömmu síðar hefði brotapoli komið hlaupandi inn í húsið. Stúlkan hefði verið allsnakin, með áverka og virst mjög ráðvillt. Vitnið kvaðst hafa sótt baðslopp og sett hann utan um brotapola. Gestkomandi stúlkur hefðu síðan farið með stúlkuna afsíðis.

Vitnið kvaðst því næst hafa sótt hafnaboltakylfu. Það hefði séð að ákærði sem þá var að klæða sig, var kominn í buxur. Ákærði hefði síðan komið út úr herberginu og gengið framhjá vitninu. Vitnið sagðist hafa frosið, ekkert getað gert. Það hefði síðan farið aftur og gætt að brotapola. Vitnið hefði boðið brotapola að leggjast niður í rúm. Stúlkan hefði ekki getað staðið og hefði vitnið því þurft að halda á henni inn í rúmið. Vitnið hefði síðan sótt vatn handa stúlkunni.

Fram kom hjá vitninu að brotapoli hefði verið grátandi og greint vitninu frá einhverju af því sem gerst hafði. Meðal annars hefði komið fram hjá stúlkunni að ákærði hefði sagt: „Haltu bara áfram að gráta, það gerir mig bara graðari.“ Þá hefði hún sagt ákærða hafa lamið sig í andlitið og annaðhvort grýtt sér í vegg eða í gólfíð. Um áverka á brotapola bar vitnið að stúlkan hefði verið með sprungnar varir og þá hefði hún verið með klórfar á bringunni.

Vitnið sagðist vita til þess að ákærði hefði bæði neytt áfengis og tekið „spítt“ í samkvæminu. Um mögulega neyslu brotapola kvaðst vitnið ekki geta borið.

V kvaðst hafa verið í samkvæmi heima hjá félagu sínum, E, umrædda nótt. Ákærði hefði einnig verið í samkvæminu og hefði vitnið orðið vart við að ákærði yfirgaf samkvæmið en sneri þangað aftur. Ákærði hefði síðan farið eitthvað með brotapola.

Um nóttina hefði E kallað á vitnið og beðið það um að koma. Vitnið hefði orðið við því en síðan farið inn í íbúðarhúsið. Í kjölfarið hefði brotapoli komið hlaupandi inn í húsið, allsnakin og blóðug í framan. Stúlkan hefði verið grátandi og öskrað á hjálp.

Þegar símaskýrsla sem lögregla tók af vitninu var borin undir það fyrir dómi sagði vitnið rifjast upp fyrir sér að það hefði umrætt sinn barið á hurð herbergisins í bílskúrnum og sagt: „Opnaðu helvítis hurðina.“ Ákærði hefði þá svarað: „Þetta er röff sex“ og vitnið í kjölfarið endurtekið fyrirmæli sín um að hurðin yrði opnuð.

Y lýsti atvikum svo fyrir dómi að hún hefði verið úti að reykja með V þegar húsráðandi, E, hefði komið og sótt V. Vitnið kvaðst hafa fylgt þeim eftir og þá heyrt

„ógeðsleg öskur“ sem komið hefðu frá herbergi í bílskúrnum. Strákarnir hefðu þá bankað á herbergisdynnar. Staðfesti vitnið fyrir dómi, það sem eftir því er haft í lögregluskýrslu, að strákarnir hefðu hrópað hvort allt væri í lagi og stúlkan í herberginu öskrað „nei“ en ákærði svarað „já“. Vitnið kvaðst eftir þetta hafa farið inn í íbúðarhúsið. Þangað hefði stúlkan síðan komið og fallið í gólfið. Brotapoli hefði verið allsnakin, „öll rauð“, hágrátandi og skíthrædd. „Ég gleymi þessu aldrei, þetta var ógeðslegt,“ sagði vitnið. E hefði strax komið með eitthvað utan um stúlkuna. Í kjölfarið hefði lögregla verið kölluð til.

Z kvaðst hafa verið í samkvæminu að [...] umrætt sinn. Um nóttina hefði hún heyrt öskur og í kjölfarið hefði nakin stúlka komið hlaupandi inn í íbúðarhúsið. Stúlkan hefði verið mjög skelkuð og í miklu uppnámi og átt erfitt með að greina frá því sem gerst hafði. Lýsti vitnið því einnig að stúlkan hefði verið skjálfandi á gólfinu. Þá rámaði vitnið í að stúlkan hefði verið klóruð á bringunni.

Fyrir dómi staðfesti vitnið sem rétt ummæli sem höfð eru eftir því í lögregluskýrslu að eftir að stúlkan kom hlaupandi inn nakin hefði vitnið heyrt stúlkuna segja: „Ég sagði nei, ég vildi þetta ekki.“

Þ greindi svo frá fyrir dómi að umrædda nótt hefði hún verið í samkvæmi heima hjá E. Hefði vitnið séð til brotþola í samkvæminu án þess að veita henni sérstaka athygli.

Þegar vitnið hefði verið úti að reykja hefði það skyndilega heyrt öskur. Sagði vitnið það hafa hljómað eins og öskur eftir hjálp. Vitnið hefði hlaupið inn í húsið þar sem það hefði haldið að öskrið kæmi frá vinkonu sinni. Brotapoli hefði þá komið hlaupandi allsnakin inn í húsið. Stúlkan hefði verið klóruð á bringunni og með sprungna vör. Þá hefði hún grátið og skolfið og virst mjög hrædd. Vitnið og fleiri viðstaddir hefðu spurt stúlkuna þess hvað hefði gerst. E hefði síðan komið með teppi og breytt yfir brotþola. Í kjölfarið hefði vitnið og Y farið með stúlkuna inn á baðherbergi og læst að sér. Þær hefðu reynt að róa brotþola niður en einnig innt hana eftir því hvað gerst hefði. Stúlkan hefði svarað því til að hún hefði verið að stunda kynlíf með ákærða. Það hefði síðan orðið grófara en hún vildi. Ákærði hefði meitt brotþola og hún því beðið hann um að hætta en hann ekki orðið við því.

Vitnið kvaðst í kjölfarið hafa farið út úr húsinu og inn í herbergið til ákærða. Vitnið hefði spurt ákærða þess hvað gerst hefði og hann þá svarað: „Dreptu mig.“ Vitnið hefði ítrekað spurninguna og svar ákærða verið það sama. Vitnið hefði þá hlaupið frá honum. Vitnið kvaðst hafa verið í svo miklu áfalli að það hefði síðan bara gengið í burtu.

Æ, móðir brotþola, þar fyrir dómi að hún hefði fengið símtal um morguninn frá hjúkrunarfræðingi á Landspítalanum. Hefði vitnið verið beðið um að koma til brotþola sem væri á bráðamóttöku spítalans. Á spítalanum hefði vitnið komið að dóttur sinni þar sem hún lá í rúmi. Stúlkan hefði verið blóðug, með marbletti á hálsinum og öll úti í sárum. Hún hefði verið búin að gráta mikið.

Dagana á eftir sagði vitnið hafa verið hræðilega. Brotþoli, sem venjulega væri alltaf úti, hefði bara verið heima, grátandi uppi í sófa. Líðan stúkunnar hefði enn versnað eftir að vinir hennar fréttu af því sem gerst hafði, sem hefði eiginlega gerst strax, en stúlkan hefði upplifað sig niðurlægða. Taldi vitnið að brotþoli hefði í kjölfarið lokað á vini sína og fundið sér annan og síðri félagsskap.

Vitnið sagði reiði hafa gætt hjá brotþola eftir þetta atvik. Meðferðina í Barnahúsi sagði vitnið ekki hafa hjálpað stúlkunni nóg. Haustið væri búin að vera mjög erfitt hjá fjölskyldunni.

F lögregluvarðstjóri kvaðst hafa farið í útkall að [...] umrædda nótt. Á leiðinni á vettvang hefði borist tilkynning um mann sem væri að ganga í sjóinn í [...]. Hefði önnur lögreglubifreiðin sem komin var á stað til að sinna fyrra útkallinu farið og sinnt þeirri tilkynningu.

Á vettvangi sagðist vitnið hafa hitt brotþola fyrir. Stúlkan hefði verið í „svakalegu sjokki“ og skolfið og titrað. Mikið uppnám hefði verið í samkvæminu og svolitill tími farið í að henda reiður á því sem gerst hafði. Þrátt fyrir að vera í miklu áfalli hefði brotþoli gefið vitninu greinargóða lýsingu á atvikum og hefði stúlkan strax greint frá því að henni hefði verið nauðgað. Þá hefðu tveir strákar á vettvangi, sem sagst hefðu hafa reynt að brjótast inn í herbergið í bílskúrnum, verið alveg vissir um að stúlkunni hefði verið nauðgað. Þeir hefðu vísað til ópa stúlkunnar í því sambandi og sagst aldrei hafa heyrt annað eins. Kvað vitnið strákana tvo hafa verið í miklu áfalli vegna þess sem gerst hafði.

Fram kom hjá vitninu að brotþoli hefði verið með áverka í andliti, meðal annars sprungna vör.

P læknir skoðaði brotþola B á bráðamóttöku Landspítalans á neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis. Vitnið sagði brotþola hafa verið með áverka framan á bringu, klór eða rispur. Stúlkan hefði einnig verið með stórt mar á vinstri öxl og verk þar fyrir neðan. Mögulega hefði komið þar fram marblettur síðar. Dauft 1 cm yfirborðsmar hefði verið utanvert hægra megin á hálsi brotþola. Annað mar hefði verið á öxl brotþola. Þá hefðu verið skrámur á ofanverðu baki stúlkunnar. Enn fremur hefði brotþoli verið aum í hálsi við kyngingu.

Vitnið vísaði til og skýrði teikningar sem það gerði af áverkum á hálsi og höfði brotþola við skoðunina. Benti vitnið á fyrrnefndan blett á hálsi brotþola.

Stúlkan hefði jafnframt verið með mar í munnviki hæra megin, bæði innan og utan. Aftanvert í hnakkagróf hefði verið að koma fram bólga eða mar í húð. Áverkinn hefði verið ferskur. Þá hefði mátt sjá smámar aftan við eyra og stæðu líkur til þess að sá áverki hefði verið eftir tak.

Fram kom hjá vitninu að talsvert mikið afl þyrfti til þess að fram kæmu bólgur eins og þær sem verið hefðu aftanvert í hnakkagróf brotaþola.

Lýsingar brotaþola á atvikum sagði vitnið hafa „... passað vel við talsvert ofbeldi þar sem var verið að neyða hana til þess að nýta efri hluta líkamans í eitthvað sem hún vildi ekki.“

Um andlegt ástand brotaþola kvaðst vitnið hafa ritað í skýrslu sína: „Þreytt, rauðeygð, skelfd og döpur.“ Stúlkan hefði verið hrædd í byrjun skoðunarinnar.

Ö hjúkrunarfræðingur kvaðst hafa tekið á móti brotaþola B á neyðarmóttöku Landspítalans ásamt P lækni. Stúlkan hefði verið grátbólgin en samt sem áður virkað yfirveguð. Ekki hefði verið að sjá á stúlkunni að hún væri undir áhrifum.

Vitnið sagði stúlkuna hafa gefið góða sögu af málsatvikum. Rak vitnið minni til þess að stúlkan hefði verið með áverka í kringum munninn og á hálsi. Þá hefði hún kvartað um verki í munni og í hálsi.

S, sérfræðingur á tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, kom fyrir dóm og staðfesti og skýrði rannsóknarskýrslur sínar. Fram kom hjá vitninu að í stroksýni sem tekið hefði verið af getnaðarlim ákærða hefði komið fram blanda DNA-sniða ákærða og brotaþola B. Þá hefðu fundist sáðfrumur í sokki brotaþola og hefði DNA-greining leitt í ljós að þær voru úr óþekktum karlmanni.

CC rannsóknarlögreglumaður sagðist hafa ritað skýrslu eftir brotaþola á neyðarmóttöku. Staðfesti vitnið efni skýrslu sinnar. Fram kom hjá vitninu að ekki hefði verið að sjá á brotaþola að hún væri ölvuð. Stúlkan hefði frekar virkað „frosin“ og dofin.

IV

A

Í málinu liggur frammi bréf BB sálfræðings varðandi viðtöl hennar við brotaþola A. Bréfið er dagsett 10. nóvember 2016. Fram kemur í því að brotaþoli hafi einungis mætt í tvö viðtöl hjá sálfræðingnum. Stúlkan hefði átt bókuð sjö önnur viðtöl sem hún hefði ekki mætt í. Í bréfinu segir meðal annars svo:

A er 16 ára stúlka, grönn og smávaxin. Útlit hennar bar með sér að hún væri svefnvana og vannærð. Var hún með dökka bauga undir augunum og mjög fól. Útlit hennar gaf einnig til kynna mikla vanlíðan þar sem stúlkan grúfði sig niður og

myndaði ekki augnsamband.

[---]

A var mjög mótfallin því að mæta í fyrsta viðtal í Barnahúsi, sagðist ekki vilja koma í viðtöl og sagðist ekki treysta sálfræðingum. Taldi hún að það myndi ekki hjálpa sér að koma í viðtöl. Hún viðurkenndi þó að sér liði illa, sagðist vera að reyna að gleyma þessu. Sagði hún að hún svæfi mjög lítið og hefði litla matarlyst. ... A mætti næst í viðtal þann 6. september ... sýndi augljós vanlíðunareinkenni eins og henni þætti mjög erfitt að hlusta á fræðsluna. Viðurkenndi hún að sér liði illa, svæfi nánast ekkert, borðaði lítið og að hún mætti nánast ekkert í skóla. Tjáði hún undirritaðri að hún treysti sér ekki til að vera í framhaldsskóla að svo stöddu þar sem hún næði engri einbeitningu.

[---]

Því miður náðist enginn meðferðarárangur og ekki tókst að greina og meta líðan stúlkunnar, hvorki með sjálfsmatslistum né klínískri nálgun í samtalsmeðferð. Þó er undirritaðri það ljóst að stúlkan glímir við verulega vanlíðan. Bæði er það sýnilegt á útliti hennar og holningu en kemur einnig fram í samtölum við móður og að litlu leyti í samtölum við stúlkuna sjálfa. Sterkar vísbendingar eru um áfallastreituröskun því stúlkan á augljóslega erfitt með svefn (endurupplifanir), er í mikilli forðun og á erfitt með að takast á við áreiti í umhverfinu (ofurárverkni) eins og einbeitingu í skóla.

BB kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins. Vitnið sagði brotaþola ekki hafa viljað þiggja aðstoð í Barnahúsi þrátt fyrir að hafa þurft á aðstoð að halda. Vitnið kvað stúlkuna hafa borið það utan á sér að vera í mikilli vanlíðan. Hún hefði verið svefnvana, fól, grönn, hokin og með bauga.

Vitnið upplýsti að brotaþoli hefði komið í Barnahús nokkrum árum áður, líklega þegar hún var 13 ára, vegna annars brots. Taldi vitnið að það mál hefði ekki leitt til kæru. Einnig hefðu legið fyrir upplýsingar um það að stúlkan hefði áður en mál þetta kom upp átt dálítið erfitt félagslega. Þá hefðu heimilisaðstæður hennar í gegnum tíðina sömuleiðis verið dálítið erfiðar.

B

Í málinu liggur frammi vottorð AA sálfræðings, dagsett 17. nóvember 2016, vegna brotaþola B. Fram kemur í vottorðinu að brotaþoli hafi mætt í sex viðtöl hjá sálfræðingnum. Stúlkan hefði átt fleiri viðtöl bókuð sem hún hefði ekki mætt í. Í niðurlagi vottorðsins segir meðal annars svo:

Niðurstaða sjálfsmatslista sýnir mjög alvarleg einkenni kvíða og alvarleg einkenni þunglyndis og streitu. B segist alltaf hafa verið þung og fundið fyrir kvíða sem hún tengir við skólagöngu sína og skólann sjálfan sem hún segir að henni hafi aldrei liðið vel í. Hún segist þó aldrei hafa fundið eins sterkt fyrir þessum einkennum eins og eftir meint kynferðisofbeldi en á erfitt með að skilgreina það nánar. Það hefur

verið erfitt að kortleggja líðan hennar og hvernig hún tengist meintu kynferðisofbeldi. En B hefur lítið innsæi í eigið tilfinningalíf sem getur verið partur af litlum tilfinningaþroska eða einkenni forðunarhegðunar. En einnig hefur sú óraunveruleikatilfinning sem B upplifir og hefur rætt um, mikil áhrif. En hún segist „ekki trúa því ennþá að hún hafi lent í þessu.“ ...

Í viðtölunum hefur komið fram að B er mjög upptekin af hugsunum tengdum öðrum þáttum en sjálfri sér, eins og „af hverju gerði hann mér þetta?“ og veltir fyrir sér ýmsum skýringum á hegðun hans. En slíkt getur verið merki um forðun. En forðunarhegðun er algeng meðal þolenda í kjölfar áfalls og er þá nýtt sem bjargráð til að forðast það að finna fyrir tilfinningum sínum. Forðun er einnig einkenni áfallastreitu og er sá þáttur sem einna helst viðheldur einkennum áfallastreituröskunar. B lýsti skelfilegasta augnablikinu sem hún upplifði á meðan á meintri nauðgun stóð, þegar þrengt var að hálsi hennar svo hún gat ekki andað og hugsaði þá um það að hún myndi deyja. En slíkar hugsanir eru það sem hefur hvað mest forspárgildi fyrir þróun áfallastreituröskunar.

Að svo stöddu er ómögulegt að segja til um það hvaða afleiðingar meint kynferðisofbeldi komi til með að hafa á stúlkuna til lengri tíma. B er enn í viðtölum og ... ekki sér fyrir endann á þeirri vinnu ...

AA kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins og staðfesti og skýrði vottorð sitt.

V

A

Fyrir liggur að upp úr miðnætti 25. júlí 2016 fór brotapolí A með ákærða og I frá [...] og til [...] á bifreið sem ákærði ók. Um nóttina fóru þau heim til I þar sem þau dvöldust um hríð. Upplýst er með framburði brotapóla og I að undir morgun hafi brotapolí viljað fá far til baka í [...] en ákærði ekki talið það mögulegt þar sem bifreið hans væri bensínlítil. Vætti K er þessu til stuðnings en hann staðfesti framburð brotapóla þess efnis að hún hefði hringt í hann snemma að morgni þessa dags og hefði erindi stúlkunnar verið að fá peninga fyrir bensíni. Er þetta einnig í samræmi við niðurstöðu rannsóknar á síma ákærða, sem brotapolí kveðst hafa hringt úr, en samkvæmt henni fóru símtöl á milli síma ákærða og síma K laust eftir kl. 6 um morguninn. Upplýst er jafnframt með framburði brotapóla og K að ekkert varð úr því að sá síðarnefndi legði brotapóla til peninga þar sem honum bárust aldrei bankaupplýsingar frá brotapóla. Er allt framangreint í samræmi við skýrslu ákærða hjá lögreglu frá 26. júlí 2016, sbr. kafla II.B hér að framan, en ekki nýtur framburðar ákærða fyrir dómi í málinu.

Brotapóla og I ber saman um að úr hafi orðið að brotapolí gisti hjá ákærða þar sem hún hafi samkvæmt framansögðu ekki haft möguleika á að koma sér til baka í [...]. Kom fram hjá þeim báðum að brotapolí hefði ekki verið spennt fyrir

þeirri niðurstöðu en fallist á hana „á endanum“ eins og I orðaði það. Frásögn ákærða í lögregluskýrslu frá 26. júlí 2016 er að þessu leyti ekki samræmi við framburð vitnanna en ákærði bar fyrir lögreglu að hann hefði boðist til þess að keyra brotþola á áfangastað, þrátt fyrir bensínleysið. Eins og málið liggur fyrir verður að leggja framburð vitnanna til grundvallar um þetta atriði. Af fyrirliggjandi gögnum varðandi notkun á síma ákærða má ráða að ákærði og brotþoli hafi verið komin heim til ákærða að [...] í [...] um kl. 7 um morguninn.

Lýsing brotþola á því sem gerðist í herbergi ákærða um morguninn er ítarlega rakin í kafla III.A hér að framan. Í málinu liggur fyrir greinargóð lýsing stúlkunnar, bæði fyrir dómi og hjá lögreglu, á aðstæðum á heimili ákærða. Af því má ráða að brotþoli hafi komið inn í herbergi ákærða, svo sem hún hefur borið. Þá lýsti brotþoli því hvernig það atvikaðist að ákærði veittist að henni og tók með báðum höndum um háls hennar, þrýsti að og hélt takinu í allnokkurn tíma. Kvaðst stúlkan hafa óttast um líf sitt meðan á því stóð. Þá sagði brotþoli ákærða jafnframt hafa stigið á hálsinn á henni og sparkað í síðu og í maga hennar. Þessi framburður brotþola fær stoð í þeim ljósmyndum sem fyrir liggja í málinu af áverkum á hálsi stúlkunnar og framburði P læknis, sem skoðaði hana á bráðamóttöku Landspítala, en áverka á hálsi stúlkunnar sagði hann ekki vera eftir „venjulegar gælur“. Um hefði verið að ræða „klárt ofbeldi“. Mat læknirinn áverkana svo að þeir væru „... verulegir ... og koma ekki undan nema miklu afli“ og var á honum að skilja að afleiðingar af ofbeldi sem þessu gætu orðið alvarlegar, stæði ofbeldið yfir í lengri tíma. Þá sagði læknirinn rispur á hálsi stúlkunnar mögulega geta verið eftir að stigið hafi verið á háls stúlkunnar. „Þessi áverki, svona breiður, og þessar rispur eru ekki eftir bara venjulegt handtak,“ sagði læknirinn. Vitnisburður Q hjúkrunarfræðings og R læknis, og gögn er frá þeim stafa, eru einnig til stuðnings frásögn brotþola. Framburður stúlkunnar fær enn fremur stoð í vætti M og L en báðar ræddu þær við brotþola nærri hádegi umræddan dag og lýstu því fyrir dómi að stúlkan hefði verið í miklu uppnámi. Höfðu vitnin eftir brotþola að ákærði hefði ráðist að hálsi hennar og þá kom fram hjá M að háls stúlkunnar hefði verið rauður að sjá.

Ákærða er í málinu meðal annars gefin að sök sérstaklega hættuleg líkamsárás með því að hafa á heimili sínu beitt brotþola ofbeldi, svo sem nánar er lýst í ákæru. Ákærði neitar sök. Eins og fyrr var getið nýtur ekki frásagnar ákærða fyrir dómi af málsatvikum. Svo sem rakið er í kafla II.B hér að framan gaf ákærði hins vegar skýrslu hjá lögreglu vegna þeirra atvika er hér um ræðir 26. júlí 2016. Bar hann þá að hann hefði eingöngu komið við heima hjá sér umrætt sinn til þess að athuga hvort hann ætti þar einhverja peninga. Ákærði hefði enga peninga fundið og þá ákveðið að láta á það reyna hvort hann kæmist í [...] á því bensíni sem á

bílnum var. Ákærði hefði síðan keyrt stúlkuna heim. Þessi frásögn ákærða er í algerrí andstöðu við ádurlyst vætti brotþola. Frásögn stúlkunnar af því ofbeldi sem hún kveðst hafa sætt af hendi ákærða fær samkvæmt framansögðu stoð framburði vitna, læknisfræðilegum gögnum og framlögðum ljósmyndum. Samkvæmt því telur dómurinn sannað með trúverðugum, greinargóðum og stöðugum framburði brotþola, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, gegn neitun ákærða, að ákærði hafi á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir tekið stúlkuna kverkataki og í allnokkurn tíma þrengt að öndunarvegi hennar í rúmi í svefnherbergi sínu og er stúlkan náði að komast úr rúminu og féll niður á gólf, sparkað í síðuna á henni og stigið á háls hennar. Með þeirri háttsemi braut ákærði gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eftir að ákærði hafði beitt brotþola ofbeldi samkvæmt framansögðu kveðst hún hafa sagst gera allt sem ákærði vildi, ef hann myndi ekki meiða hana frekar. Brotþoli hefði síðan afklæðst samkvæmt fyriræmælum ákærða og lagst allsnakin á bakið í rúmið. Ákærði hefði síðan bæði látið stúlkuna totta sig og hann nauðgað henni, hann haft við hana samfarir. Ákærði hefði einnig snert stúlkunnar og rass, sett fingur inn í kynfæri hennar og sleikt þau. Þá hefði hann slegið brotþola að minnsta kosti tvisvar í andlitið. Þessu hefði lokið með því að ákærði fékk fullnægingu og hafði sáðlát inn í brotþola. Stúlkan hefði eftir þetta farið í sturtu. Ákærði hefði þá aftur viljað hafa samfarir við hana. Þá hefði hann notað smokk. Fyrst hefði ákærði verið ofan á brotþola og lagt undir stúlkuna rautt handklæði. Ákærði hefði síðan viljað skipta um stellingu. Brotþoli hefði þá staðið og beygt sig yfir rúmið en ákærði staðið aftan við hana. Þessu hefði lokið með því að ákærði fékk aftur fullnægingu. Ákærði hefði síðan sótt ruslapoka og tekið af rúminu. Taldi brotþoli að rauða handklæðið hefði einnig farið ofan í ruslapokann. Spurð um ástæðu þessara athafna ákærða svaraði brotþoli: „Hann sagði við mig ef þú myndir kæra mig og löggan kemur þá mun hún ekki finna neitt sem er svona eitthvað sem hægt er að nota sem sönnunargögn ...“ Ákærði hefði ítrekað sagt brotþola að kæra hann ekki. Það myndi ekkert þýða. Spurð um hvort hún hefði einhvern tímann haft færi á því að komast undan kvaðst brotþoli hafa verið of hrædd til þess að reyna það, „... of hrædd ef mér skyldi mistakast að komast í burtu þú veist þá myndi hann drepa mig.“ Sagði brotþoli ákærða hafa látið þau orð falla að ef hún gerði ekki það sem hann vildi myndi hann láta hana hverfa. Brotþoli hefði skilið þessi orð sem líflátshótun.

Fyrir liggur samkvæmt framlögðum rannsóknargögnum, sbr. einnig vætti lögreglumannanna N og O, að við leit í herbergi ákærða haldlagði lögregla meðal annars rúllu af svörtum ruslapokum og svart strigalímband. Þá kemur fram í

gögnunum að sængurver hafi ekki verið utan um sængina og ekkert lak verið á rúmi ákærða. Einnig liggur fyrir að við leit í ruslatunnu utan við íbúðarhúsið fannst svartur ruslapoki sem lokað hafði verið með svörtu strigalímbandi, en í pokanum reyndist meðal annars vera sængurver, notaður smokkur, umbúðir utan af smokki og rautt handklæði. Samrýmist þetta allt, og er til stuðnings, frásögn brotaþola af atvikum. Aftur á móti varð enginn árangur af leit lögreglu að rúmfötum eftir frásögn ákærða.

Til þess er einnig að líta að samkvæmt skýrslu tæknideildar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og vætti S, sérfræðings á þeirri deild, fannst blóðkám við rannsókn á notaðri verju sem var í áðurnefndum ruslapoka við heimili ákærða. Samrýmist það þeim framburði brotaþola að hún hafi verið á blæðingum er atvik máls gerðust. Þá fundust í nærbuxum brotaþola sáðfrumur sem reyndust vera frá ákærða komnar. Sáðfrumur úr ákærða reyndust einnig vera í sýni sem tekið var úr leghálstoppi brotaþola. Eru þessi atriði eindregið til stuðnings frásögn brotaþola af atvikum. Framburður stúlkunnar fær frekari stoð í vætti M og L, sem samkvæmt áðursögðu ræddu báðar við brotaþola nærri hádegi umræddan dag. Lýstu þær því að brotaþoli hefði verið í miklu uppnámi og hún sagt ákærða hafa nauðgað sér. Þá kom fram hjá M að hár stúlkunnar hefði verið blautt og hjá L kom fram að brotaþoli hefði nefnt að hún hefði farið í sturtu, er samrýmist framburði brotaþola um að það hafi hún gert.

Frásögn brotaþola til stuðnings er enn fremur vætti P læknis og Q hjúkrunarfræðings og þau gögn er frá þeim stafa. Auk þess verður að telja það sem áður sagði um framburð brotaþola varðandi hina sérstaklega hættulegu líkamsárás vera að sínu leyti til stuðnings framburði stúlkunnar varðandi þau atvik sem á eftir fylgdu.

Eins og áður var nefnt nýtur ekki framburðar ákærða fyrir dómi í málinu. Þá er frásögn hans fyrir lögreglu við skýrslutöku 26. júlí 2016 í algjerri andstöðu við vætti brotaþola samkvæmt framansögðu. Ákærði hefur á síðari stigum málsins borið fyrir sig minnisleysi. Lýsingar brotaþola á því kynferðisofbeldi sem hún kveðst hafa sætt af hálfu ákærða fá samkvæmt því sem rakið er hér að framan styrka stoð í niðurstöðum vettvangsrannsóknar lögreglu og rannsóknum sem framkvæmdar voru á sýnum er tekin voru úr leghálstoppi brotaþola, af nærbuxum hennar og notaðri verju sem fannst við leit á heimili ákærða. Framburður brotaþola fær einnig stoð í vætti annarra vitna og þeim læknisfræðilegum gögnum sem unnin voru vegna skoðunar sem stúlkan gekkst undir á neyðarmóttöku. Samkvæmt öllu þessu telur dómurinn sannað með trúverðugum, greinargóðum og stöðugum framburði brotaþola, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, gegn neitun ákærða, að ákærði hafi á þeim stað og tíma

sem í ákæru greinir nauðgað brotþola með þeim hætti sem lýst er í 1. tölulíð ákæru og þannig brotið gegn ákvæði 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

B

Aðfaranótt sunnudagsins 31. júlí 2016 fór brotþoli B með ákærða í samkvæmi að [...] í [...]. Samkvæmt framburði brotþola var ákærði á þessum tíma hennar besti vinur. Leggja verður til grundvallar í málinu með vísan til framburðar brotþola að vel hafi farið á með henni og ákærða fyrir utan íbúðarhúsið og að þar hafi ákærði kysst stúlkuna og strokið kynfæri hennar. Ákærði hafi síðan með vitund og vilja brotþola fengið lykil að herbergi í bílskúr við húsið í þeim tilgangi að þau gætu haft þar kynmök. Er vætti Þ, sem einnig var gestur í samkvæminu og ræddi við brotþola síðar um nóttina, því til stuðnings að atvik hafi verið með þessum hætti.

Brotþoli bar fyrir dómi að þegar inn í herbergið var komið hefði hún verið orðin því fráhrerf að hafa samfarir við ákærða og hefði hún sagt honum það. Ákærði hefði hins vegar látið stúlkuna setjast á sófa og farið að klæða hana úr buxunum, gegn hennar mótmælum. Ákærði hefði síðan farið sjálfur úr öllum fötunum. Því næst hefði hann reynt að fá brotþola til þess að fara úr bolnum sem hún hefði ekki viljað. Ákærði hefði þráast við og haldið áfram í um 15 mínútur að reyna að fá stúlkuna úr bolnum, allt þar til hann fékk „... kast og byrjar að kyrkja mig og segir mér að drulla mér úr bolnum“. Brotþoli hefði þá látið undan og farið úr bolnum. Ákærði hefði verið mjög reiður og haldið áfram um háls stúlkunnar með báðum höndum og öskrað á hana. Stúlkann hefði sjálf reynt að öskra en ákærði hótað að hálsbrjóta hana ef hún gerði það. Brotþoli hefði samt sem áður gert aðra tilraun til þess að öskra og ákærði þá hótað að taka hana í rassinn. Hann hefði síðan slegið stúlkuna í andlitið. Brotþoli sagði ákærða einnig hafa farið með fingur í kynfæri hennar. Þá hefði hann neytt hana til þess að totta sig með hótunum um ofbeldi. Ákærði hefði haldið í hár brotþola og ýtt höfði hennar niður og neytt hana til munnmaka. Við það hefði ákærði klórað í hnakka brotþola. Hann hefði síðan ýtt höfði brotþola enn neðar og við það hefði stúlkunni legið við köfnun og hún hóstað. Ákærði hefði þá strax gripið fyrir munn stúlkunnar svo hún gæti ekki gefið frá sér hljóð. Brotþoli hefði sagt ákærða að hún þyrfti á klósettið og reynt að standa upp og hlaupa í burtu. Ákærði hefði þá gripið í brotþola, tekið um háls hennar og grýtt henni í vegg. Brotþoli hefði því næst rekist utan í borð og fallið í gólfíð. Þar hefði ákærði kýlt stúlkuna, tekið um háls hennar og einnig haldið fyrir munn hennar og nef. Stúlkann hefði þá haldið að hún væri að deyja. Þá hefði einhver barið á herbergishurðina og spurt hvort allt væri í lagi. Ákærði hefði svarað: „Það er allt í lagi, þetta er bara kinkí kynlíf.“ Brotþoli kvaðst hins vegar hafa náð hönd ákærða frá munninum og öskrað: „Nei!“ Í kjölfarið hefði ákærði sleppt brotþola

og hefði stúlkan þá hlaupið nakin og blóðug út úr herberginu og inn í íbúðarhúsið. Brotapoli hefur borið að hún hafi verið blóðug er hún hljóp út úr herberginu og vísaði í því sambandi til þess að ákærði hefði klórað hana og þá sagði stúlkan að blætt hefði úr vörum hennar. Einnig kom fram hjá brotapolu að hún hefði verið aum í hálsi í margar vikur eftir atvikin í herberginu. Almennt um líðan sína bar brotapoli að á meðan atlogu ákærða stóð hefði henni liðið mjög illa og á tímabili haldið að hún væri að fara að deyja.

Ákærði hefur neitað sök samkvæmt ákærulið 2. Eins og fyrr var getið nýtur ekki frásagnar hans fyrir dómi af málsatvikum. Svo sem rakið er í kafla II.C hér að framan gaf ákærði skýrslu hjá lögreglu vegna þeirra atvika er hér um ræðir 31. júlí 2016. Var þá eftir ákærða bókað að eftir að hann og brotapoli komu inn í herbergið hefðu þau klætt sig úr fötunum, farið í sleik og ákærði farið með fingur í kynfæri stúlkunnar. Þau hefðu síðan haft kynmök með vilja brotapolu. Þvertók ákærði fyrir að hafa beitt stúlkuna ofbeldi. Allt í einu hefði brotapoli hlaupið hálfskælandi út úr herberginu. Kvaðst ákærði ekki vita ástæðu þess. Ákærði gaf skýrslu fyrir lögreglu að nýju 11. ágúst 2016 og lýsti atvikum þá nokkuð á sömu lund og við fyrri skýrslugjöf. Minni ákærða af atvikum inni í herberginu var þó skert að hans sögn og vísaði ákærði í því sambandi til þess að hann hefði verið mjög ölvaður er atvik máls gerðust.

E upplýsti að ákærði hefði umrædda nótt fengið lánaða lykla að herberginu í bílskúrnum. Nokkru síðar hefði E verið úti að reykja þegar hann hefði heyrt öskur. Öskrið hefði hljómað þannig að hann hefði strax vitað að eitthvað var ekki í lagi. E kvaðst því strax hafa farið að athuga hvaðan öskrið hefði komið og áttað sig á því að það hafði komið frá herberginu í bílskúrnum. Annað hvort hann eða V hefði þá bankað á hurðina, sem verið hefði læst, og spurt hvað væri í gangi. Ákærði hefði svarað: „Hvað er þetta, þetta er bara kinkí kynlíf“, en brotapoli öskrað: „Nei!“ . Skömmu síðar hefði brotapoli komið hlaupandi inn í íbúðarhúsið. Stúlkan hefði verið allsnakin, með áverka og virst mjög ráðvillt. Eftir að ákærði hafði farið af vettvangi hefði E boðið brotapolu að leggjast í rúm. Stúlkan hefði ekki getað staðið og hefði hann því þurft að halda á henni. Fram kom hjá E að brotapoli hefði verið grátandi og greint honum frá einhverju af því sem gerst hafði. Stúlkan hefði meðal annars sagt ákærða hafa lamið hana í andlitið og annað hvort grýtt henni í vegg eða í gólfíð. Brotapola sagði E hafa verið með sprungnar varir og með klórfar á bringu.

V kvaðst hafa séð brotapolu koma hlaupandi inn í íbúðarhúsið um nóttina, allsnakta og blóðuga í framan. Stúlkan hefði verið grátandi og öskrað á hjálp. Þá staðfesti V ummæli sem höfð eru eftir honum í skýrslu lögreglu um að hann hefði áður en stúlkan kom út úr herberginu barið á hurð þess og sagt: „Opnaðu helvítis hurðina.“ Ákærði hefði þá svarað: „Þetta er röff sex“ og hefði V í kjölfarið

endurtekið fyrirmæli sín um að hurðin yrði opnuð.

Y sagðist hafa verið úti að reykja með V þegar E hefði komið og sótt hann. Hún hefði fylgt þeim eftir og þá heyrt „ógeðsleg öskur“ koma frá herberginu í bílskúrnum. Strákarnir hefðu þá bankað á herbergisdyrnar. Staðfesti vitnið fyrir dómi, það sem eftir því er haft í lögregluskýrslu, að strákarnir hefðu hrópað hvort allt væri í lagi og stúlkan í herberginu öskrað „nei“ en ákærði svarað „já“. Y hefði síðan farið inn í íbúðarhúsið en þangað hefði brotþoli síðan komið og fallið í gólfíð. Stúlkan hefði verið allsnakin, „öll rauð“, hágrátandi og skíthrædd. „Ég gleymi þessu aldrei, þetta var ógeðslegt“ sagði Y.

Z var einnig í samkvæminu og sagðist hún um nóttina hafa heyrt öskur og í kjölfarið hefði nakin stúlka komið hlaupandi inn í íbúðarhúsið. Stúlkan hefði verið mjög skelkuð og í miklu uppnámi og átt erfitt með að greina frá því sem gerst hafði. Stúlkan hefði verið skjálfandi og rámaði Z í að hún hefði verið klóruð á bringunni. Þá staðfesti Z fyrir dómi ummæli sem höfð eru eftir henni í lögregluskýrslu þess efnis að eftir að stúlkan kom hlaupandi inn nakin hefði vitnið heyrt hana segja: „Ég sagði nei, ég vildi þetta ekki.“

Þ sagðist hafa verið úti að reykja þegar hún hefði skyndilega heyrt öskur sem hljómað hefði eins og öskur eftir hjálp. Þ hefði hlaupið inn í íbúðarhúsið og brotþoli þá komið hlaupandi allsnakin inn í húsið. Stúlkan hefði verið klóruð á bringunni og með sprungna vör. Þá hefði hún grátið og skolfið og virst mjög hrædd. Þ hefði farið með stúlkuna inn á baðherbergi ásamt Y og læst að þeim. Þær hefðu reynt að róa brotþola niður en einnig innt hana eftir því hvað gerst hefði. Stúlkan hefði svarað því til að hún hefði verið að stunda kynlíf með ákærða. Það hefði síðan orðið grófara en hún vildi. Ákærði hefði meitt brotþola og hún því beðið hann um að hætta en hann ekki orðið við því.

Framburður allra framangreindra fimm vitna er að mati dómsins eindregið til stuðnings þeim framburði brotþola að inni í herberginu í bílskúrnum hafi ákærði brotið gegn stúlkunni. Verður framburður E, Y og Þ ekki skilinn öðruvísi en svo að öskur sem brotþoli gaf frá sér inni í herberginu hefði borið það með sér að koma frá manneskju sem var í nauðum stödd. Þá bar E, V og Y saman um það að á ákærða hefði verið að skilja að allt væri með felldu í herberginu þegar barið var þar að dyrum, en E og Y sögðu brotþola á hinn bóginn hafa öskrað að svo væri ekki. Þá mátti ráða af vætti allra vitnanna fimm að brotþoli hefði verið í miklu uppnámi þegar hún kom hlaupandi út úr herberginu og inn í íbúðarhúsið. Stúlkan hefði grátið og skolfið. Þá hefði hún borið sýnilega áverka á vörum og bringu. F lögregluvarðstjóri, sem kom á vettvang skömmu eftir að atvik máls gerðust, lýsti því einnig að brotþoli hefði verið með áverka í andliti, meðal annars sprungna vör. Hann sagði stúlkuna hafa verið í „svakalegu sjokki“ og hún skolfið og titrað. Þrátt

fyrir að vera í miklu áfalli hefði brotaþoli getað gefið lögregluvarðstjóranum greinargóða lýsingu á atvikum og hefði stúlkan strax greint frá því að henni hefði verið nauðgað.

Samkvæmt framburði P læknis, en hann skoðaði brotaþola á neyðarmóttöku Landspítalans, var brotaþoli við komu þangað með áverka á bringu, klór eða rispur, stórt mar á vinstri öxl og verk þar fyrir neðan, dauft 1 cm yfirborðsmar utanvert hægra megin á hálsi og annað á öxl. Þá hefðu verið skrámur á ofanverðu baki stúlkunnar. Brotaþoli hefði enn fremur verið aum í hálsi við kyngingu. Af teikningum sem læknirinn gerði af áverkum á hálsi og höfði brotaþola við skoðunina má jafnframt ráða að brotaþoli hafi verið með mar í munnviki hæra megin, bæði innan og utan, og aftanvert í hnakkagróf hafi verið að koma fram bólga eða mar í húð. Sagði læknirinn fyrir dómi að talsvert mikið þyrfti til þess að fram kæmu slíkar bólgur. Á teikningum læknisins má enn fremur sjá lítið mar aftan við eyra og bar læknirinn að líkur stæðu til þess að sá áverki hefði verið eftir tak. Ö hjúkrunarfræðingur, sem tók á móti brotaþola á neyðarmóttökunni ásamt P, kvaðst fyrir dómi reka minni til þess að stúlkan hefði verið með áverka í kringum munn og á hálsi. Þá hefði brotaþoli kvartað um verki í munn og í hálsi.

Að mati dómsins eru þeir áverkar sem brotaþoli var með samkvæmt framansögðu við skoðun á neyðarmóttöku því til stuðnings að stúlkan hafi verið beitt talsverðu ofbeldi. Ekkert haldbært liggur annað fyrir í málinu en áverkana hafi brotaþoli fengið þegar hún var inni í herberginu í bílskúrnum með ákærða.

Ákærða er í ákærulið 2 gefin að sök nauðgun og líkamsárás með því að hafa í herbergi í bílskúr að [...] í [...] haft önnur kynferðismök við brotaþola með því að beita hana ofbeldi og hótun um ofbeldi, svo sem nánar er lýst í ákæru. Ákærði neitar sök. Eins og ítrekað hefur komið fram nýtur ekki framburðar ákærða fyrir dómi í málinu. Fyrir lögreglu neitaði hann að hafa brotið gegn brotaþola. Að mati dómsins fá lýsingar brotaþola á því ofbeldi sem hún kveðst hafa sætt af hálfu ákærða stoð í framburði þeirra fimm vitna sem vikið var að hér að framan og voru í samkvæminu að [...] umrædda nótt. Vætti F lögregluvarðstjóra er að sínu leyti einnig til stuðnings framburði stúlkunnar. Þá eru þau læknisfræðilegu gögn sem unnin voru vegna skoðunar sem brotaþoli gekkst undir á neyðarmóttöku Landspítalans einnig til stuðnings frásögn stúlkunnar. Það er einnig framburður P læknis fyrir dómi, en dómurinn metur framburð læknisins svo að lýsingar stúlkunnar á atvikum samrýmist vel þeim áverkum sem hún bar við skoðun. Þess skal sérstaklega getið að það þykir ekki draga úr sönnunargildi framburðar brotaþola að það var ekki fyrr en fyrir dómi sem fram kom hjá henni með skýrum hætti að hún hefði í fyrstu ætlað sér að hafa kynferðislegt samneyti við ákærða inni í herberginu, en fyrir dómi svaraði stúlkan án undandráttar spurningum verjanda

um það atriði. Að mati dómsins hefur stúlkan frá upphafi verið staðföst í þeim framburði sínum að það hafi fyrst verið eftir að inn í herbergið kom sem hún lýsti því yfir við ákærða að hún vildi ekki hafa við hann kynmök og að það hafi hún margítrekað gert. Samkvæmt þessu og með vísan til alls þess sem að framan er rakið telur dómurinn sannað með trúverðugum og greinargóðum framburði brotþola, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, gegn neitun ákærða, að ákærði hafi á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir nauðgað brotþola með þeim hætti sem lýst er í 2. tölulið ákæru og þannig brotið gegn ákvæði 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Að virtum framburði brotþola fyrir dómi verður ekki séð að slíkt rof hafi orðið í atburðarásinni í herberginu að skilyrði séu til þess að sakfella ákærða jafnframt fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga heldur verður að virða það ofbeldi sem ákærði beitti brotþola sem þátt í því kynferðisbroti sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir.

VI

Svo sem rakið er í kafla I.C hér að framan var G geðlæknir dómkvödd undir rannsókn málsins til þess að framkvæma geðrannsókn á ákærða. Matsgerð hennar, dagsett 18. október 2016, liggur frammi í málinu. Er það niðurstaða matsmanns að enginn vafi leiki á sakhæfi ákærða og því að refsing geti borið árangur. Þá sé ekkert fram komið sem bendi til þess að ákærði hafi verið í geðrofi er hann framdi brot sín. Að þessu gættu er það niðurstaða dómsins að matsgerðin gefi ekki tilefni til að telja að ákvæði 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða 1. mgr. 16. gr. sömu laga eigi við um hagi ákærða. Dómurinn telur ákærða því sakhæfan og verður honum gerð refsing.

Ákærði er í málinu sakfelldur fyrir alvarleg kynferðis- og ofbeldisbrot gegn 15 og 16 ára gömlum stúlkum. Hann hafði mikla líkamlega yfirburði gagnvart stúlkunum og nýtti sér þá. Brotavilji ákærða var einbeittur og beitti hann ofbeldi gegn stúlkunum til þess að ná fram vilja sínum. Samkvæmt þessu verður litið til ákvæða 1., 2., 3. og 6. og 7. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar ákærða. Aldur brotþola og það hvernig ákærði framdi brot sín horfir einnig sérstaklega til refsipýngingar samkvæmt a- og c liðum 195. gr. sömu laga.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærða ekki áður verið gerð refsing, sem líta ber til við ákvörðun refsingar hans, sbr. ákvæði 5. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þá er ákærði ungur að árum en hann var á 19. aldursári er hann framdi brot sín. Ber því einnig að líta til ungs aldurs ákærða við ákvörðun refsingar hans, sbr. ákvæði 4. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn engan vafa leika á um sakhæfi ákærða. Við ákvörðun refsingar hans þykir allt að einu mega hafa hliðsjón af því álitni dómkvaddis matsmanns að ákærði hafi í nokkurn tíma glímt við einkenni þunglyndis og erfiðleika í samskiptum við aðra og að margt bendi til þess að ákærði hafi verið að þróa með sér persónuleikaröskun. Fyrir liggur að ákærði hafði bæði flosnað upp úr námi og vinnu er atvik máls gerðust og þykir ekki óvarlegt að telja að lýst ástand ákærða hafi þar haft sitt að segja. Í málinu liggur fyrir að ákærði hefur í haust, innan veggja fangelsis, stigið spor í þá átt að halda skólagöngu sinni áfram, sbr. hér að sínu leyti ákvæði 8. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt öllu framangreindu og að virtum dómafordæmum Hæstaréttar Íslands þykir refsing ákærða réttilega ákveðin fangelsi í fimm ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt, sbr. 76. gr. laga nr. 19/1940, frá sunnudeginum 31. júlí 2016 að fullri dagatölu.

VII

A

Í málinu krefst brotaþoli A miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 3.500.000 krónur með vöxtum af þeirri fjárhæð samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júlí 2016 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst brotaþoli málskostnaðar.

Til stuðnings kröfunni vísar brotaþoli einkum til þess að ákærði hafi gerst sekur um hegningarlagabrot gegn henni sem hann hafi framið af ásetningi og beri skaðabótaábyrgð á samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Brot ákærða hafi valdið miklum ótta hjá brotaþola sem óttast hafi um líf sitt. Þá sé ljóst að jafn gróf brot og hér um ræði séu almennt til þess fallin að valda þeim sem fyrir verður sálrænum erfiðleikum.

Samkvæmt framansögðu hefur dómurinn slegið því föstu að ákærði hafi brotið gegn brotaþola svo varði við 1. mgr. 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði bakað sér bótaábyrgð gagnvart brotaþola á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Bætur fyrir miska skulu ákvarðaðar eftir því sem sanngjarnt þykir og við mat á fjárhæð þeirra skal einkum líta til alvarleika brotsins, sakarstigs brotamanns, huglægrar upplifunar brotaþola og loks umfangs tjónsins.

Við mat á fjárhæð miskabóta til handa brotaþola verður sérstaklega að líta til þess mikla ofbeldis sem ákærði beitti og þess að brot hans stóðu yfir í allnokkurn tíma. Ákærði hafði yfirburðastöðu gagnvart brotaþola, sem einungis er 16 ára

gömul, og var ásetningur hans einbeittur. Þá hefur því verið slegið föstu í dómaframkvæmd að brot af því tagi sem hér um ræðir séu almennt til þess fallin að valda þeim sem fyrir verður sálrænum erfiðleikum. Með vísan til þessa og að virtum dómafordæmum Hæstaréttar Íslands þykja miskabætur til handa brotþola hæfilega ákvarðaðar 2.000.000 króna. Um vexti og dráttarvexti af kröfunni fer svo sem í dómsorði greinir, en ákærða var kynnt bótakrafan er mál þetta var þingfest 14. október sl.

Við þingfestingu málsins var Sigurður Freyr Sigurðsson hdl. skipaður réttargæslumaður brotþola A í málinu. Eru því ekki lagaskilyrði til þess að dæma brotþola málskostnað úr hendi ákærða, sbr. ákvæði 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, heldur verður réttargæslumanni brotþola ákveðin þóknun samkvæmt ákvæði 1. mgr. 48. gr. sömu laga.

B

Í málinu krefst brotþoli B miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 1.500.000 krónur með vöxtum af þeirri fjárhæð samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 31. júlí 2016 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst brotþoli málskostnaðar.

Til stuðnings kröfunni vísar brotþoli einkum til þess að ákærði hafi brotið á alvarlegan hátt gegn persónu- og kynfrelsi brotþola. Það auki á alvarleika brots ákærða hversu ungur brotþoli sé og að ákærði beitti hana ofbeldi og hótun um ofbeldi við aðstæður þar sem stúlkan var innilokuð og átti sér enngar undankomu auðið. Brot ákærða hafi verið til þess fallið að valda brotþola margvíslegum erfiðleikum af sálrænum og félagslegum toga. Brotþoli eigi því rétt til miskabóta úr hendi ákærða á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Samkvæmt framansögðu hefur dómurinn slegið því föstu að ákærði hafi brotið gegn brotþola svo varði við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði bakað sér bótaábyrgð gagnvart stúlkunni á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Svo sem áður segir skulu bætur fyrir miska ákvarðaðar eftir því sem sanngjarnt þykir og við mat á fjárhæð þeirra skal einkum líta til alvarleika brotsins, sakarstigs brotamanns, huglægrar upplifunar brotþola og loks umfangs tjónsins.

Við mat á fjárhæð miskabóta til handa brotþola verður sérstaklega að líta til þess ofbeldis sem ákærði beitti. Ákærði hafði yfirburðastöðu gagnvart brotþola, sem einungis er 15 ára gömul, og var ásetningur hans einbeittur. Þá bendir það sem fram kemur í vottorði AA sálfræðings frá 17. nóvember sl., en AA hefur haft brotþola til meðferðar, til þess að stúlkan glími við sálræna erfiðleika sem rekja megi til brots ákærða. Samkvæmt öllu þessu og að virtum dómafordæmum

Hæstaréttar Íslands þykja miskabætur til handa brotþola hæfilega ákvarðaðar 1.400.000 krónur. Um vexti og dráttarvexti af kröfunni fer svo sem í dómsorði greinir, en ákærða var kynnt bótakrafan er mál þetta var þingfest 14. október sl.

Við þingfestingu málsins var Margrét Gunnlaugsdóttir hrl. skipuð réttargæslumaður brotþola B í málinu. Eru því ekki lagaskilyrði til þess að dæma brotþola málskostnað úr hendi ákærða, sbr. ákvæði 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, heldur verður réttargæslumanni brotþola ákveðin þóknun samkvæmt ákvæði 1. mgr. 48. gr. sömu laga.

VIII

Með vísan til sakfellingar ákærða, sbr. 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður honum gert að greiða allan sakarkostnað málsins. Ákærði dæmist því til að greiða 1.237.061 krónu samkvæmt framlögðu sakarkostnaðaryfirliti héraðssaksóknara. Ákærði greiði jafnframt þóknun skipaðs verjanda síns, Unnars Steins Bjarndal hrl., og þóknun skipaðra réttargæslumanna brotþola, Margrétar Gunnlaugsdóttur hrl. og Sigurðar Freys Sigurðssonar hdl., en þóknun þeirra þykir eftir umfangi málsins og með hliðsjón af tímaskýrslum lögmannanna hæfilega ákveðin svo sem í dómsorði greinir að virðisaukaskatti meðtöldum. Ákærði greiði einnig ferðakostnað verjanda með þeim hætti sem þar segir.

Dóm þennan kveða upp héraðsdómararnir Kristinn Halldórsson, sem dómsformaður, Ástríður Grímsdóttir og Jón Höskuldsson.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í fimm ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 31. júlí 2016 að fullri dagatölu.

Ákærði greiði samtals 6.384.841 krónu í sakarkostnað, þ.m.t. þóknun skipaðs verjanda síns, Unnars Steins Bjarndal hrl., 3.478.200 krónur, og útlagðan ferðakostnað lögmannsins, 278.300 krónur, þóknun Sigurðar Freys Sigurðssonar hdl., skipaðs réttargæslumanns brotþola A, 797.940 krónur, og þóknun Margrétar Gunnlaugsdóttur hrl., skipaðs réttargæslumanns brotþola B, 593.340 krónur.

Ákærði greiði brotþola A 2.000.000 króna ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júlí 2016 til 14. nóvember 2016, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði brotþola B 1.400.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 31. júlí 2016 til 14. nóvember 2016, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Kristinn Halldórsson

Ástríður Grímsdóttir

Jón Höskuldsson